



HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST

Ársskýrsla

2022

EFNISYFIRLIT

Ávarp rektors	4	Fjármála- og rekstrarsvið	53
Árið í hnotskurn	6	Lykiltölur úr rekstri Háskólans á Bifröst	53
Aðalfundur	6	Húsnæðisþjónusta	54
Stjórnir og ráð	7	Viðhaldsdeild	54
Fulltrúaráð	7	Kennslu- og þjónustusvið	56
Stjórn	7	Kennslu- og nemendaskráarkerfi	56
Háskólaráð	8	Kennsla og ráðgjöf	56
Ráðgjafanefnd	9	Náms- og starfsráðgjöf	57
Jafnréttisnefnd	10	Upplýsingatæknisvið	58
Gæðavottun	11	Hollvinasamtök Háskólans á Bifröst	59
Framvinda stefnumiða Háskólans á Bifröst	12	Nemendafélag Háskólans á Bifröst	60
Helstu niðurstöður árlegrar gæðakönnunar	15		
Fréttir af vettvangi	16		
Fundir og mannfagnaðir	18		
Háskólinn á Bifröst í tölum	20		
Akademísk starfsemi	25		
Félagsvísindadeild	25		
Lagadeild	30		
Viðskiptadeild	33		
Háskólagátt	38		
Endurmenntun Háskólans á Bifröst	39		
Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf	40		
IRIS – Icelandic Research Information System	41		
Samfélagsleg virkni og nýsköpun	42		
Skrifstofa rektors	44		
Alþjóðaskrifstofa	44		
Bóka- og skjalasafn	45		
Gæðamál	48		
Mannauður	50		
Markaðssvið	52		





SAMVINNA

FRUMKVÆÐI

ÁBYRGÐ

Ávarp rektors

Háskólanum á Bifröst, á árinu 2022, er vel lýst sem hljómsveit sem spilar í takt og nær góðum tóni. Sumir spiluðu af höfuðborgarsvæðinu, aðrir úr Norðurárdalnum, enn aðrir frá öðrum landshlutum og útlöndum. Flestir voru þó í skýjunum, bæði akademískt starfsfólk og nemendur sem hittast einnig á staðlotum. Markmið ársins 2022 var skýrt og það náðist í desember. Afburðarásin er tíunduð á blaðsíðunum hér á eftir. Athygli okkar allra var á gæðaúttekt sem fór fram um miðjan desember. Niðurstöður voru öllum til sóma og eiga allir starfsmenn skólans þakkir skildar.

Þetta er ekki allt. Aðgerðaáætlun Háskólans á Bifröst, beintengd við stefnumið okkar fram til ársins 2030, hefur verið framfylgt. Við höfum gert það sem við ætluðum okkur og gott betur. Slíkt skilar sér í stoltu og ánægðu starfsfólki sem og ánægðum nemendum, nemendum sem mennta sig til ábyrgðar og áhrifa í samfélaginu. Við viljum vera háskólasamfélag sem er jafnt krefjandi sem hvetjandi.

Til alls þessa hefur verið stofnað í náinni samvinnu við fulltrúaráð Háskólans á Bifröst sem og stjórn háskólans. Þá hefur ráðgjafanefnd Háskólans á Bifröst verið óeigingjörn á ráðgjöf við stjórnendur skólans. Miklu var varið í fjárfestingar á gæðum á árinu sem og viðhald fasteigna.

Sérhver deild innan skólans hefur blómstrað á árinu jafnt í kennslu sem rannsóknum. Viðskiptadeildin er stærst og hefur Stefan Wendt prófessor stýrt deildinni af miklum sóma. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir prófessor var ráðin til að stýra félagsvísindadeild og hafa nemendur aldrei verið fleiri og rannsóknir aldrei öflugri. Tók hún við af Nirði Sigurjóssyni prófessor sem hafði stýrt deildinni í tvö ár. Elín H. Jónsdóttir veitir lagadeild forstöðu og hefur hún umbylt náminu og laðað sterka fræðimenn að deildinni. Námsframboð í öllum deildum var aukið og endurskoðað.

Nemendafjöldi Háskólans á Bifröst er stöðugur og alls voru 1131 nemandi við háskólann árið 2022; 781 á vorönn, 799 á haustönn og 353 á sumarönn. Flestir voru í hlutanámi. Aldur nemenda fer lækkandi og endurspeglar það áhuga þeirra á

stafrænu námi og sveigjanleika. Til þess að koma til móts við nemendur er Háskólinn á Bifröst einnig með sumarönn þannig að sumarfrí vinnandi nemenda nýtist.

Hagnaður af rekstri Háskólans á Bifröst árið 2022 nam 38,6 m.kr. en hagnaður ársins 2021 nam 191,7 m.kr. Eigið fé í árslok 2022 nam 176,8 m.kr. en það var 138,2 m.kr. í lok árs 2021. Eignir félagsins námu 487,6 millj. kr. í lok árs 2022 samanborið við 459,6 m.kr. í árslok 2021. Handbært fé skólans jókst um 53,8 m.kr. og nam það 171,8 m.kr. í árslok 2022. Í rekstraráætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að hagnaður verði 12,5 m.kr. Háskólinn hefur fjárfest í gæðum og starfsfólki. Því getum við sagt að á árinu 2022 hafi Háskólinn á Bifröst verið fjárhagslega heilbrigður, annað árið í röð. Skuldir stórlækkuðu og óeigingjörn vinna starfsfólks að gæðamálum skilaði sér í endurskoðuðu og viðurkenndu gæðakerfi sem gengur eins og vel stillt klukka.

Framlag ríkisins til háskólans nam 689,3 m.kr. sem er hækkun um 26,8 m.kr. eða 4% frá árinu á undan en þá var framlagið 662,5 m.kr. Kom í ljós á árinu að Háskólinn á Bifröst fær lægsta framlag á nemenda af íslensku háskólunum. Vonandi verður út því bætt.

Tekjur af skólagjöldum námu 574 m.kr. á árinu og lækkuðu úr 601 m.kr. frá fyrra ári. Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliður háskólans. Hækkun launakostnaðar um 107 m.kr. á milli ára stafar m.a. af markvissri fjölgun á akademískum störfum og nýjum stöðugildum í stjórnsýslu.

Meðalfjöldi starfsmanna miðað við heilsársstörf var 54,0 á árinu 2022 miðað við 48,3 á árinu 2021. Lengi hafði verið þörf á að fjölga föstum stöðum akademískra starfsmanna svo að fleiri námskeið væru kennd af föstum kennurum og rannsóknarvirkni yrði meiri. Var fjölgað í öllum deildunum þremur og í stjórnsýslu. Hefur það sýnt sig að Háskólinn á Bifröst er orðinn eftirsóttur vinnustaður, vinnustaður sem fólk líður vel á og sækist eftir því að vinna á. Endurspeglast það í fjölda umsókna um sérhvert starf sem er auglýst.



Háskólinn á Bifröst á allt hlutafé í fasteignafélaginu Kiðá ehf. sem á og rekur nemendagarða á Bifröst. Kiðá ehf. hefur átt í rekstrarerfiðleikum, en samningar við Húsnæðis og mannvirkjastofnun um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins létu á rekstrinum. Alls hefur 31 íbúð verið seld og er eftir að selja aðrar þrettán. Salan var stöðvuð í mars þegar stríðið í Úkraínu braust út og Háskólinn á Bifröst í samvinnu við Borgarbyggð og Félagsmálaráðuneytið opnaði móttökustöð fyrir flóttafólk. Er verkefnið öllum aðilum til mikils sóma og hefur gengið vel.

Að baki er krefjandi ár en jafnfram gefandi þar stjórnendur og starfsfólk hafa haldið sameiginlegum takti, takti sem hefur sýnt sig að nær árangri. Háskólinn á Bifröst býr við mikinn og samstilltan mannaúð og mikinn velvilja í þjóðfélaginu. Þá er rektor svo lánsamur að vinna með velviljaðri og samhentri stjórn og að öðrum ólöstuðum er vert að þakka Leifi Runólfssyni stjórnarformanni alúð og stuðning. Háskólaráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, hefur sýnt skólanum stuðning með verkum sínum og stórbætt alla upplýsingagjöf um fjármál og starfsemi háskóla á Íslandi.

Háskólinn á Bifröst stendur traustum fótum og á bjarta framtíð fyrir sér. Við erum lípur, kvikur og hugmyndaþekkur háskóli þar sem rannsóknavirki hefur stóraukist sem og tengsl við samfélagið. Starfsmönnum öllum þakka ég góð og fagleg samskipti, hlýhug til Háskólans á Bifröst og ósérhlífni í vinnu. Við hlökkum til að takast á við spennandi verkefni næsta árs.

Árið í hnotskurn

Aðalfundur

Ársfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2022 var haldinn á Bifröst 25. maí 2022. Rektor háskólans, dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík, flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi háskólans á undangengnu ári. Ársreikningur 2021 var jafnframt lagður fram og að kynningu lokinni var hann samþykktur samhljóða. Einnig var farið yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarfélaganna háskólans og rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár kynnt. Þá var KPMG kjörinn löggiltur endurskoðandi háskólans og kosið var í fulltrúaráð og stjórn háskólans.

Stjórnir og ráð

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst

Háskólaráð Háskólans á Bifröst, Borgarbyggð, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra samvinnufélaga og Hollvinasamtök Háskólans á Bifröst tilnefna í fulltrúaráð þrjú fulltrúa og einn til vara og er ráðið því skipað 15 fulltrúum alls og fimm til vara. Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Það fundar minnst einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Auk þess að greina frá starfsemi háskólans á viðkomandi skólaári, er verkefni aðalfundar að leggja ársreikning viðkomandi skólaárs fram til samþykktar. Eftirtalin skipuðu fulltrúaráð Háskólans á Bifröst skólaárið 2021-2022:

Fyrir Borgarbyggð:

aðalmaður: Lilja Björg Ágústsdóttir
aðalmaður: Guðveig Eyglóardóttir
aðalmaður: Helgi Eyleifur Þorvaldsson
varamaður: Þjarney Bjarnadóttir

Fyrir Hollvinasamtök Bifrastar:

aðalmaður: Halldór Þorsteinsson
aðalmaður: Tryggvi Haraldsson
aðalmaður: Anna Ólöf Kristjánsdóttir
varamaður: Erla Björg Eyjólfsdóttir

Fyrir Háskólaráð Háskólans á Bifröst:

aðalmaður: Helga Kristín Auðunsdóttir
aðalmaður: Ragnheiður I. Sigurgeirsdóttir
aðalmaður: Hlynur Finnbogason
varamaður: Sævar Ari Finnbogason

Fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga:

aðalmaður: Ólafur Sigmarsson
aðalmaður: Sigurbjörn Gunnarsson
aðalmaður: Hannes Karlsson
varamaður: Reimar Marteinnsson

Fyrir Samtök atvinnulífsins:

aðalmaður: Heiðrún Björk Gísladóttir
aðalmaður: Árni Grétar Finnsson
aðalmaður: Maj-Britt Hjördís Briem
varamaður: Páll Ásgeir Guðmundsson



Stjórn Háskólans á Bifröst

Ársfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2022 var haldinn á Bifröst 11. maí. 2023. Rektor háskólans, dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík, flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi háskólans á undangengnu ári. Ársreikningur 2022 var jafnframt lagður fram og að kynningu lokinni var hann samþykktur samhljóða. Einnig var farið yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага háskólans og rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár kynnt. Þá var KPMG kjörinn löggiltur endurskoðandi háskólans og kosið var í fulltrúaráð og stjórn háskólans.

Fyrir Borgarbyggð:

Aðalmaður: Magnús Smári Snorrason

Varamaður: Sigurður Guðmundsson

Frá Háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalmaður: Auður H. Ingólfssdóttir

Varamaður: Signý Óskarsdóttir

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Aðalmaður: Leifur Runólfsson, formaður

Varamaður: Hallur Jónasson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalmaður: Marteinn Jónsson

Varamaður: Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalmaður: Gunnur Líf Gunnarsdóttir

Varamaður: Guðsteinn Einarsson

Háskólaráð Háskólans á Bifröst

Háskólaráð er ráðgefandi í málum Háskólans á Bifröst. Þar sitja rektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrír fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefni, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrír nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda Háskólagáttar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum. Rektor er heimilt að bjóða fleiri aðilum seturétt í háskólaráði eftir því sem þurfa þykir. Þessir aðilar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Gæðastjóri, fjármálastjóri og fulltrúi íbúaráðs sitja að öllu jöfnu fundi háskólaráðs. Háskólaráð fundar að jafnaði mánaðarlega yfir skólaárið. Fundargerðir ráðsins eru birtar á vef skólans. Háskólaráð var á árinu 2022-2023 skipað eftirtöldum aðilum:

Rektor

Margrét Jónsdóttir Njarðvík

Aðalmenn:

Kennslustjóri

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Fulltrúi starfsmanna

Sólveig Hallsteinsdóttir

Fulltrúar kennara

Arney Einarsdóttir

Hanna Kristín Skaftadóttir

Sævar Finnbogason

Fulltrúar grunnema

Embla Líf Hallsdóttir

Birgitta Ásbjörnsdóttir

Ragnheiður I Sigurgeirsdóttir

Fulltrúi Háskólagáttarnema

Ása Laufey Sigurðardóttir

Áheyrnarfulltrúar

Fjármálastjóri

Margrét Vagnsdóttir

Fulltrúi Íbúaráðs

Anna Jóna Kristjánsdóttir

Sérstakt fundarboð

Gæðastjóri

Lydía Geirsdóttir

Staðgengill rektors

Stefan Wendt

Varamenn:

Fulltrúi starfsmanna

Ása Sigurlaug Harðardóttir

Fulltrúar kennara

Ásthildur Elva Bernharðsdóttir

Helga Kristín Auðunsdóttir

Kári Joensen

Fulltrúi Háskólagáttarnema

Jóna Dóra Hólmarsdóttir

Fulltrúi Íbúaráðs

Rolando Diaz



Ráðgjafanefnd Háskólans á Bifröst

Ráðgjafanefnd er stjórnendum háskólans til ráðgjafar á helstu fræðasviðum hans. Nefndin var sett á stofn árið 2021. Hana skipuðu skólaárið 2022-2023:

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtökum verslunar og þjónustu

Dr. Ásta Bjarnadóttir, skrifstofustjóri á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar

Eygló Harðardóttir, sérfræðingur hjá Ríkislögreglustjóra og fyrrverandi ráðherra

Ingibjörg Jónsdóttir, eigandi Berg Contemporary

Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómsstjóri

Dr. Jón Ormur Halldórsson, stjórn málafræðingur

Tómas Sigurðsson, forstjóri HS Orku


Pórður Freyr Sigurðsson, Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd er kjörin af háskólaráði eftir tilnefningum og skulu þar sitja þrjú aðilar, einn fulltrúi starfsfólks, einn fulltrúi nemenda og formaður, tilnefndur af rektor. Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með framgangi jafnréttisáætlunar háskólans og gerir grein fyrir störfum sínum með skýrslu til rektors og háskólaráðs fyrir lok febrúar ár hvert. Skýrsla nefndarinnar skal gerð samhliða reglubundinni rýningu stjórnenda vegna jafnlaunavottunar. Þá hefur nefndin umsjón af hálfu Háskólans á Bifröst með undirbúningi fyrir Jafnréttisdaga, skipar samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna og hefur frumkvæði að fræðslu um jafnréttismál innan háskólans. Nefndin fundaði tvisvar á starfsárinu. Þá hefur nefndin umsjón af hálfu háskólans með undirbúningi fyrir Jafnréttisdaga, skipar af hálfu Háskólans á Bifröst samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna og hefur frumkvæði að jafnréttisfræðslu innan háskólans.

Að vanda stóð samráðsvettvangurinn að framkvæmd hinna árlegu jafnréttisdaga háskólanna, sem farið hafa fram í febrúarbyrjun. Í ljósi reynslunnar var ákveðið að jafnréttisdagar yrðu framvegis fjögurra daga viðburður í stað fimm daga áður og samþykkt að þeir færu fram 6. til 9. febrúar og var Birta Ósk Tómasdóttir ráðin sem verkefnastjóri. Þá var ákveðið að sameiginlegur opunarviðburður jafnréttisdaga yrði málstofa um bakslagið í hinseginbaráttunni, en lokaviðburður sameiginleg ráðstefna háskólanna um vald, forréttindi og öræriti. Framlag Háskólans á Bifröst á jafnréttisdögum var málstofa með dr. Bjarka Má Grönfeldt um svonefnda INCEL hreyfingu og nýja tegund kvenhaturs sem sprottið hefur fram innan hennar. Málstofan var haldin á Háskólatorgi og nefndist fyrirlestur Bjarka Incel: *Internetið, kvenhatur og samsæriskenningar*.

Málstofa með dr. Bjarka Pór Grönfeldt um nýja tegund kvenhaturs innan Incell hreyfingarinnar var vel sótt og vakti verðskuldaða athygli, bæði innan fræðasamfélagsins og hjá fjölmiðlum.



Auk hinna árlegu jafnréttisdaga, er einnig vert að nefna undirbúning samráðsvettvangsins á skýrslunni Staðalímyndir í háskólum. Samantekt ásamt tillögum að aðgerðum til að jafna hlutfall kynja í háskólanámi á Íslandi (janúar, 2023) eftir Laufeyju Axelsdóttur, nýdoktor í kynjafræði við Háskóla Íslands. Útgáfa skýrslunnar er liður í framkvæmd samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa háskólanna á aðgerð 1.7 í framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum 2020-2023, en í þeirri aðgerð er kveðið á um áframhaldandi starf samstarfsvettvangsins með m.a. skoðun staðalímynda í háskólum (Stjórnarráð Íslands). Markmið verkefnisins er að kanna mögulegar skýringar á ójöfnu kynjahlutfalli nemenda í háskólum og hvort kynbundnar staðalímyndir hafi þar áhrif. Einnig að taka saman fyrirbyggjandi aðgerðir á Íslandi og erlendis til að jafna hlutfall kynja sem og leggja fram tillögur að úrbótum.

Niðurstöður verkefnisins sýna að ólíkar áherslur karla og kvenna í námsvali, þegar á framhaldsskólastigi, fylgja þeim inn í háskólanámið. Þrátt fyrir öflugan lagaramma, jafnréttisáætlanir og fjölbreytt átaks- og hvatningarverkefni stuðla staðalímyndir um nám og störf þannig enn að kynbundnu náms- og starfsvali. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að brotthvarf úr námi er meira meðal karla en kvenna, bæði í framhalds- og háskólum og að fleiri konur brautskrifast af báðum skólastigunum. Aftur á móti virðist slakt gengi drengja í skólum, brotthvarf karla úr námi og lægra menntunarstig þeirra en kvenna hafa takmörkuð áhrif á tækifæri þeirra á vinnumarkaðnum þar sem karlar hafa verið og eru enn í meirihluta stjórnenda. Í skýrslunni kemur þannig fram að samfara öflugum aðgerðum og úrbótum með stuðningi stjórnvalda á þessu sviði innan skólasamfélagsins, megi vinna markvisst gegn félagslegum hindrunum, stuðla að auknu menntunarstigi í landinu og skapa tækifæri fyrir alla í samfélaginu.

Jafnréttisnefnd Háskólans á Bifröst skipuðu starfsárið 2022 - 2023:

Helga Guðrún Jónasdóttir, formaður

Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon, fulltrúi starfsmanna

Birgitta Ásbjörnsdóttir, fulltrúi nemenda

Gæðavottun

Háskólinn á Bifröst lauk á árinu 2022 eftirfylgniúttekt, sem framkvæmd var í framhaldi af stofnunarúttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla, í mars 2021.

Úttektin var framkvæmd af óháðum hópi alþjóðlegra sérfræðinga í málefnum háskóla ásamt einum fulltrúa íslenskra stúdenta, sem gæðaráðið skipaði. Stofnunarúttektir eru þáttur í 2. lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (e. 2nd Cycle of the Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education) sem hófst árið 2017.

Í úttektarhópnum voru:

Alan Davidson, formaður hópsins, sjálfstætt starfandi ráðgjafi í gæðamálum háskóla. Fyrirverandi forseti deildar um eflingu gæða náms, kennslu og námsmats við Robert Gordon University í Skotlandi.

Anneli Pirttilä, fyrirverandi rektor, Saimaa University of Applied Sciences, Finnlandi.

Erlingur Sigvaldason, fulltrúi stúdenta, nemandi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Raymond Smith ritari úttektarhópsins, sjálfstætt starfandi ráðgjafi gæðamálum háskóla, Englandi.

Úttektin fór fram á Bifröst dagana 12.–13. desember 2022 og lagði háskólinn fram stöðuskýrslu sem lið í undirbúningi fyrir heimsóknina.

Úttektin var framkvæmd í samræmi við handbók gæðaráðs um rammaáætlun um eflingu gæða (2. útgáfa) sem kom út árið 2017. Einnig tók úttektarhópurinn tillit til krafna og leiðbeininga fyrir gæðamat á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. Standards and guidelines for quality assurance in the European Higher Education Area).

Úttektarhópurinn þakkaði rektor, starfsfólki og nemendum Háskólans á Bifröst fyrir opnar og gagnlegar umræður og samstarfsaðilum og hagaðilum fyrir dýrmætt framlag. Að greiningu lokinni tilkynnti svo hópurinn að hann beri traust til núverandi starfshátta og getu Háskólans á Bifröst til að tryggja gæði þeirra námsgráða sem hann veitir, í nútíð og til nánustu framtíðar.

Skemmst er frá því að segja að eftirfylgni úttektarhópsins leiddi í ljós miklar umbætur og jákvæðar breytingar á starfsháttum háskólans frá stofnunarúttektinni 2020. Hópurinn dregur sérstaklega fram í niðurstöðum sínum einbeittan vilja starfsmanna, nemenda og ytri hagaðila til þess að takast á við breytingar og áskoranir. Augljóst þykir að mikilli vinnu hafi verið varið í að rýna framtíðarsýn, stefnu og stjórnun háskólans. Miðað við þann tímaramma sem gefinn hafi verið til úrbóta er árangurinn sagður sérlega eftirtektarverður og fær háskólinn lof fyrir.

Framvinda stefnumiða Háskólans á Bifröst

Vorið 2021 komu starfsmenn saman og mótuð sameiginlega framtíðarsýn fyrir Háskólann á Bifröst. Um viðamikil verkefni var að ræða, þar sem stjórn, háskólaráð, framkvæmdastjórn, nemendur, kennarar og annað starfsfólk ræddi í þaula hverjar áherslur skólans ættu að vera til framtíðar litið. Þetta víðtæka samstarf leiddi af sér metnaðarfulla framtíðarsýn, sem hefur að markmiði að auka árangur nemenda, efla rannsóknir og skapandi samvinnu og hagræða í ferlum til að auka gæði, auk þess að skapa opinn og skemtilegan vinnustað sem hvetur starfsfólk til að taka fjölbreytni og félagslegt réttlæti opnum örmum.

Stefnan er sett upp í fjórar súlur, sem eru **nám og kennsla, rannsóknir, menning og stjórnun og samfélagsþátttaka**. Sjálf stefnumörkunin nær svo til ársins 2030, en henni eru gerð góð skil í ritinu Stefnumið 2030 sem nálgast má á vef háskólans ásamt öðrum gögnum. Þá hefur stefnumörkuninni verið skipt upp í níu sjálfstæð markmið. Samhliða þeirri vinnu var svo gerð verkefnaáætlun 2021-2024, sem skilgreinir verkefni tímabilsins til fjögurra ára ásamt eignarhaldi þeirra og tímasetningum.

Hér á eftir er fjallað um markmiðin níu, stöðu hvers þeirra og framvindu. Jafnframt er leitast við að leggja einfalt mat á þann árangur sem náðist á árinu. Er það gert með þrískiptum litakóða þar sem grænt táknar að vel miðaði á árinu, gult að þokkalegur árangur hafi náðst en rautt að gera verði betur svo að ná megi þeim árangri sem stefnt er að.



1. Sjá öllum nemendum fyrir umbreytandi námsreynslu

Stefna Háskólans á Bifröst er að nemendabjónusta háskólans veiti bæði persónulegan og heildstæðan stuðning. Þessu markmiði hefur miðað vel, en samkvæmt niðurstöðum gæðakönnunar 2022 er helsti kostur þess að vera í námi við Háskólann á Bifröst sú persónulega tenging sem nemendur segjast upplifa í háskólastarfinu. Þessari stefnu var á árinu fylgt markvisst eftir, með því m.a. að takmarka fjölda nemenda í hverjum námshópi, svo. Hámarksfjöldi í námskeið miðast þannig við 60 nemendur og fari fjöldi þeirra yfir 30 bætist aðstoðarkennari við hópinn. Þessu tengt, þá voru upplýsingaveitur yfirfarnar og miðlun upplýsinga aðlöguð með það fyrir augum að einfalda aðgengi að upplýsingum. Samkvæmt niðurstöðum áður nefndrar gæðakönnunar treystu 88% nemanda upplýsingum sem veittar eru á vef háskólans og skilaði því vinnan sér, sem lögð var í aukinn samhljóm í upplýsingaflæði til nemenda, að öllum líkindum mjög vel. Þá var ákveðið að veita Nemendafélagi Háskólans á Bifröst stuðning vegna aðgerða sem miða að því að þróa skapandi leiðir fyrir nemendur og félagsleg samskipti, bæði á staðlotum og stafrænu umhverfi samtímans.



2. Efla sjálfræði nemenda og ábyrgð þeirra á námi sínu

Með sveigjanlegri námstillhögun gerir Háskólinn á Bifröst fólki kleift að ljúka háskólanámi samhliða atvinnuþátttöku. Um 65% nemenda ljúka námi á sex árum að jafnaði og benda gæðakannanir til þess, að stór hluti þeirra sé í fullri vinnu með námi. Þessu 2. markmiði var m.a. fylgt eftir með því, að auka að miklum mun aðgengi að einingabærum námskeiðum í endurmenntun, sem standa öllum til boða sem uppfylla aðgangsskilyrði. Þá stefnir háskólinn að því að vera leiðandi í örnámi á Íslandi (e. microcredentials) og unnu allar deildir að því að skapa svokallaða „námsvendi“



em eru samsettir úr stuttum 2-6 ECTS eininga námskeiðum. Þá hefur verið unnið að ítarlegri greiningu og þróun aðferða sem hækkað geta hlutfall brautskráðra nemenda með því að benda á hindranir í skipulagi námsins sem koma mögulega í veg fyrir að þeir ljúki náminu. Lokið hefur verið við þróa ferla og aðferðir til þess að fylgjast betur með nemendum og vinna verkefnastjórar og námsráðgjafi náði saman til þess að fylgja námi þeirra eftir. Þá var á árinu starfandi sálfræðingur og var bjónusta hans mikils metin af nemendum sem stóðu frammi fyrir námstengdum erfiðleikum.

3. Efla nýsköpun, gæði og aðferðir í kennslu

Í því skyni var m.a. framboð af fræðslu fyrir kennara aukið og kennaraleiðbeiningar fyrir kennslukerfi háskólans á Canvas uppfært. Þá var ráðinn í fullt starf kennsluráðgjafi, sem styður við framleiðslu kennara á stafrænu námsefni og nýtt upplýsingatækni sett á laggirnar, sem heldur utan alla tæknilega aðstoð. Röð örnámskeiða þar sem kennarar og stoðbjónusta vinna saman að því að deila reynslu sinni af kennslufræðilegum málefnum var svo hrundið af stað haustið 2022. Gæðakannanir sýna að 80% nemanda telja kennsluáðferðir á Bifröst fjölbreyttar og 83% telja að Bifröst sé framarlega í notkun upplýsingatækni í kennslu. Þá var opnað nýtt upptökuvær í húsnæði háskólans á Bifröst, sem bætir til muna upptökuaðstöðu, auk þess sem háskólinn kom að uppsetningu smærri upptökuværs í samstarfi við Hafnar.haus í Reykjavík, en svo nefnist félagsskapur sem rekur skrifstofurými í Hafnarhúsinu og leigir út gegn vægu gjaldi til fólks, sem starfar í listum og skapandi greinum. Síðast en ekki síst var lokið við að uppfæra gæðakerfi háskólans í heild sinni á árinu. Áfram verður svo unnið að því að efla gæðastarf innan deilda, tryggja gæðaeftirlit með inntaki námskeiða, finna leiðir til að auka þátttöku nemenda í stöðugu umbótastarfi háskólans. Innleiðing fagstjóra fyrir námslínur



4. Efla sköpun, samvinnu og framfarir í fræðilegum rannsóknum

Háskólinn á Bifröst stefnir að því að auka afrakstur rannsókna og fræðastarfs. Þessu markmiði verður best náð hægt og bitandi. Góður stígandi hefur þegar náðist í rannsóknastigum fræðimanna Háskólans á Bifröst og með hliðsjón af þeirri fjölgun sem átti sér stað á föstum akademískum starfsmönnum undanfarin ár, má vænta enn frekari aukningar í þessum efnum á næstu árum.



Heildarstigasöfnun var sem hér segir talið frá árinu 2019:

- 335 (2019)
- 344 (2020)
- 492 (2021)
- Stigin fyrir 2022 birtast í júní 2023

5. Styrkja innviði rannsókna og sýnileika

Þessu markmiði náðist ekki að fylgja nógu vel eftir á árinu og verður á því gerð bragarbót á næstu árum. Starfsnefnd sat að störfum 2022 með það markmið að endurskoða þá rannsóknasýslu sem háskólinn veitir. Fulltrúar frá hverri deild fóru yfir rannsóknastefnuna og í kjölfarið lagði nefndin fyrir tillögur til framkvæmdastjórnar um hvernig rannsóknasýsla ætti að vera háttuð á Bifröst. Unnið verður úr þeim tillögum 2023.



6. Tryggja að stjórnasýsla greiði fyrir allri starfsemi skólans

Árleg endurskoðun á verkefnaáætlun stefnumótunar fór fram eins og vera ber. Sú yfirferð leiddi í ljós að Háskólinn á Bifröst hefur náð góðum árangri við innleiðingu stefnumiða. Hins vegar bendir margt til þess að endurskoða megi þá mælikvarða sem lagðir voru til í stefnumiðum 2030 fyrir skýrari og gagnsærri mælingar. Þá var markmiði 13 formlega bætt á árinu við þær aðgerðir í loftslagsmálum sem Bifröst ætlar sér að leggja áherslu á skv. Heimsmarkmiðum Sameinuðu



þjóðanna, en háskólinn styður sérstaklega þau sem snúa að menntun, jafnrétti kynjanna, sjálfbærni, nýsköpun og réttlæti. Áhersla var enn fremur lögð á að þessar áherslur endurspeglast í námskrá háskólans. Þá var veruleg áhersla lögð á að efla starfsviðmiðanir (benchmarking) og tengingar stjórnasýslu út á við. Heimsótti stjórnasýslan í því sambandi starfsfélaga í öðrum háskólum, annars vegar Háskólanum í Reykjavík og hins vegar Háskólanum á Akureyri. Í heimabyggð átti Háskólinn á Bifröst svo m.a. aðild að stofnun Gleipnis, nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi og Nýsköpunarnets Vesturlands. Með það fyrir augum að fylgja eftir því marki að ákvarðanir séu byggðar á göngum hefur grunnur verið lagður að samtengdri gagnaöflun og ákvarðanatöku, samkvæmt gefinni forskrift í Gæðahandbók skólans.

7. Frekari þróun verklagsreglna í mannauðsstjórnun

Mannauðshandbók Háskólans á Bifröst, sem er grunnskjal mannauðshluta gæðakerfisins, var endurskoðuð og uppfærð. Þá tók Háskólinn á Bifröst þátt í VR könnuninni Fyrirtæki ársins og einnig var gerð starfsánægjukönnun. Árleg starfsmannasamtöl voru fest í sessi. Jafnlaunavottunin var staðfest enn á ný og gerður var samningur við Vinnuvernd um aðgang starfsmanna að þjónustu trúnaðarlæknis, sálfræðiteymis, inflúensu-bólusetningar og heilsutækki.



8. Hvetja til og viðhalda fjölbreytni í aðgangi að námi

Háskólinn á Bifröst vann að því að greina ástæðu þess hversu fáir karlkyns nemendur stunda nám við háskólann og með hvaða móti snúa mætti þeirri þróun við. Núverandi kynjaskipting nemanda telur 69% konur og hefur þessi halli aukist með hverju ári fjölda kvenna í vil. Þetta verkefni hefur með hliðsjón af stöðu annarra verkefna verið tímasett á árinu 2024. Varðandi stuðning háskólans fyrir nemendur með námsörðugleika var Atlas Primer aðferðum skipt út fyrir Réttinda Ronju, sem byggir á aðferðum sérstaklega ætluðum fötluðum nemendum, auk nemenda með sértæka námsörðugleika. Háskólagátt á ensku festi sig enn fremur í sessi á árinu.



9. Auka samfélagsþátttöku og samfélagsáhrif

Með þessu markmiði er ekki hvað síst horft til svæðisþróunar landsbyggðanna og ekki hvað síst á Vestur- og Norðvesturlandi, bæði á sviði kennslu við Háskólann á Bifröst og rannsókn- og atvinnulífstengsl.



Meðal samstarfsaðila skólans um svæðisþróun eru sveitarstjórnir, fyrirtæki, félagasamtök og áhugasamir hagsmunahópar innan þriðja geirans. Nýsköpunarnet Vesturlands og Gleipnir, nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi eru dæmi um árangur á því sviði. Einnig má í þessu samhengi minnst á Rannsóknarsetur skapandi greina, sem var í undirbúningi á árinu og stefnt er að rísi árið 2023. Háskólaborpið á Bifröst er nú í breytingaferli samhliða því að háskólinn þróast stöðugt í átt til fjarnáms. Hluti af stefnumótun háskólans hefur verið að finna þar nýtt jafnvægi á milli lífandi háskólaborps og hágæða fjarnáms. Samhliða þessu markmiði hefur Háskólinn á Bifröst jafnframt skuldbundið sig til að fylgja PRME-viðmiðum þéttar eftir og hefur deildaforseti viðskiptadeildar, Dr. Stefan Wendt, tekið sæti í stjórn PRME-Nordic. Þess má svo einnig geta hér að á árinu var ný áhersla kynnt í BS námi í viðskiptafræði á sjálfbærnistjórnun.

Helstu niðurstöður árlegrar gæðakönnunar

Árleg gæðakönnun var lögð fyrir nemendur í maí 2022, en í könnuninni eru m.a. mæld viðhorf nemenda til náms og kennslu, skipulags náms, þjónustu (bókasafn, tölvuþjónusta, náms- og starfsráðgjöf o.fl.), upplýsingagjafar, aðstöðu til náms o.fl.

Einnig var svo í samræmi við þar að lútandi verklagsreglur gerð könnun, sem náði til nemenda er útskrifuðust 18 mánuðum áður ásamt tveimur útskriftarkönnunum útskriftarkannanir.

- 98% nemenda telja að það er einfalt að sækja um nám við Háskólann á Bifröst
- 94% eru ánægð með Canvas sem kennsluforrit
Innan deilda eru allt að 89% nemenda ánægð með gæðin á sínu námi
- 93% telja að verkefnanálgun Bifrastar sé það sem gerir nemendum kleift að ná góðum tókum á námsefninu
- 59% nemenda búa á höfuðborgarsvæðinu og 41% nemenda bjuggu fyrir utan höfuðborgarsvæðið fyrir nám. Að auki eru 41% nemenda áframhaldandi með búsetu utan höfuðborgarsvæðisins eftir útskrift.
- 53% nemenda fara að vinna hjá fyrirtækjum á almennum markaði eftir útskrift
- 92% nemenda mæla með námi við skólann eftir útskrift

Þá er árlega lögð fyrir orðsporskönnun, annað hvort sem „köld“ eða „heit“ könnun. Heita könnunin er gerð á meðal starfsmanna og nemenda, á meðan sú kalda nær til aðila vinnumarkaðarins og ytri hagaðila. Um framkvæmd köldu könnunarinnar fyrir árið 2022 sá markaðsrannsóknarfyrirtækið Prósent, sem stóð reyndar á árinu einnig að starfsánægjukönnun sem lögð er fyrir starfsmenn og kennara annað hvert ár. Í síðarnefndu könnuninni eru mæld viðhorf til þjónustu, upplýsingagjafar, stuðnings í starfi og samskipta á vinnustað. Voru niðurstöður greindar í framkvæmdastjórn og starfsmenn upplýstir um niðurstöðurnar.



Fréttir af vetvangi

Hátíðarkvöldverðir og heiðursgestir

Hátíðarkvöldverðir Háskólans á Bifröst er ný og skemmtileg hefð sem hefur verið að ryðja sér til rúms í skólastarfinu. Kvöldverðirnir eru skipulagðir af háskólanum, sem hluti af framkvæmd staðlota, með það fyrir augum að gefa staðlotunemum kost á að hittast og skemmta sér í góðum félagsskap. Nemendafélag Háskólans á Bifröst hefur einnig komið sterkt inn þessi kvöld, með viðburði á þess vegum eins og trúbadorasöng við arineldinn í Kringlunni að málsverði loknum. Heiðursgestir hafa verið ómissandi liður í hverjum hátíðarkvöldverði. Á meðal heiðursgеста í ár voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Borgnesingurinn Magnús Scheving og frumkvöðullinn og góðgerðarsjóðseigandinn Haraldur Þorleifsson



Forvörslu á Vogleðinni lokið

Vogleðin, einstakt vegglistaverk eftir Hörð Ágústsson listmálara, skreytir anddyrið í elstu skólabyggingu Háskólans á Bifröst. Listaverkið gekk í endurnýjun lífdaga eftir vel heppnaða forvörslu sem Hollvínasjóður Bifrastar hafði milligöngu um að fjármagna. Vogleðin var máluð árið 1955, á árum Guðmundar Sveinssonar skólameistara á Bifröst, síðar skólameistara Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Verkið er annað af tveimur vegglistaverkum eftir Hörð og það eina sem enn stendur eftir. Það er mörgum Bifrestingum minnstætt og oft talið eitt helsta kennileiti háskólans enda það blasir við hverjum þeim sem kemur inn í anddyri gömlu aðalbyggingarinnar á Bifröst.



Geimiðnaðurinn á framtíðina fyrir sér

Vægi geimtengdra málefna fer stöðugt vaxandi. Margt í daglegri tilveru fólks styðst nú þegar við geimtækni, s.s. veðurspár, fjarskipti og samgöngur svo örfá dæmi séu nefnd. Háskólinn á Bifröst og Space Iceland undirrituðu í nóvember viljayfirlýsingu um samstarf á þessu ört vaxandi menntasviði. Samstarf aðilanna gengur undir nafninu „Geim Bifröst“ (e. Space Bifröst) og beinist að því að efla rannsóknir og kennslu í geimtengdum málefnum. Það voru þau dr. Bjarni Már Magnússon, prófessor við lagadeild, Hanna Kristín Skaftadóttir, aðjúntkt við viðskiptadeild og dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon, dósent við félagsvísindadeild sem undirrituðu yfirlýsingu af hálfu háskólans en Atli Þór Fanndal, forstöðumaður, af hálfu samstarfsaðilans Space Iceland Solutions.



Fjallað um fræðin

Í október gaf Háskólinn á Bifröst út nýja þáttaröð af Fjallað um fræðin. Þáttaröðin byggist á viðtölum sem Elín H. Jónsdóttir, deildarforseti lagadeildar, tekur við valda fræðimenn háskólans. Í annarri þáttaröð ræðir hún við dr. Stefan Wendt, forseta viðskiptadeildar um áhrif og afleiðingar loftslagsbreytinga, gagnvart atvinnu- og efnahagslífi. Þáttaröðin er unnin í tilefni af útgáfu bókarinnar Business and Policy Solutions to Climate Change, from Mitigation to Adaptation (Palgrave Macmillan). Því áhugaverða verki ritstýrði áður nefndur Stefan ásamt Thomas Walker, Sherif Goubran og Tyler Schwartz. Bókin er hluti af útgáfuröðinni Palgrave Studies in Sustainable Business in Association with Future Earth.



Samvinnustarf í nútíð og framtíð

Í tilefni þess að 120 ár voru liðin frá stofnun Sambands íslenskra samvinnufélaga fór fram vegleg ráðstefna á Bifröst, um samvinnustarf í nútíð og framtíð. Ráðstefnan var haldin í Hriflu, hátíðarsal skólans, um miðjan október í samstarfi háskólans, Hollvinasamtaka Bifrastar og SÍS.

Á ráðstefnunni var Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi ráðherra og rektors á Bifröst, einnig minnst.

Í tilefni dagsins var boðið upp á dýrindis hnallþóru, sem gestir gæddu sér óspart á.



Verðlaunuð fyrir framúrskarandi verkefni á Missó

Hópur G hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi misserisverkefni árið 2022. Heiti verkefnisins var „Hvaða áhrif myndi það hafa á meðferð sakamála er varða kynbundið ofbeldi ef brotaþolar fengju stöðu sem aðilar máls? Í verðlaunahópi ársins áttu sæti Berta Lind Jóhannesdóttir, Inga Hrönn Ásgeirsdóttir, Ólafur Geir Ottósson, Sandra Birna Ragnarsdóttir, Silja Stefánsdóttir og Þórunn Marinósdóttir. Leiðbeinandi þeirra var Unnar Steinn Bjarndal, lektor við lagadeild. Metfjöldi tók þátt í misserisverkefnunum, eða Missó og sagt er á Bifröst, eða samtals 241 nemandi og skiptust þátttakendur í 46 verkefnahópa.



Fundir og mannfagnaðir

Háskólinn á Bifröst býr yfir einstökum salarkynnum, sem laða að sér fjölda viðburða á ári hverju, bæði innan sveitar og utan. Ýmsir fundir, ráðstefnur, móttökur og aðrir mannfagnaðir fylltu á starfsárinu nær fimmta tuginn og eru því viðburðir af ýmsu tagi nær vikulega á dagskrá háskólans að jafnaði.

Aðastaða á Bifröst spannar allt frá hefðbundnum kennslustofum að stærri fyrirlestra- og fundarsölum á borð við Hriflu. Þá eru Forsetasalur og Kringlan fjölnotasalir sem nýta má til margs konar viðburða- og skemmtanahalds, en þeir eru samliggjandi í upprunalegu skólabyggingunni á Bifröst, sem Sigvaldi Thordarson, arkitekt, teiknaði um miðja síðustu öld og hefur verið friðlýst skv. tillögu Minjastofnunar Íslands frá árinu 2020.

Forsetasalur og Kringla mynda jafnframt gullfallega umgjörð um heiðurskvöldverði háskólans, sem hefð hefur myndast fyrir að halda í tengslum við staðlotur hvers námsstigs. Á staðlotum kemur gistirými á Bifröst jafnframt að góðum notum, en því til viðbótar hefur verið útbúin gistiaðstaða í Hreinsun, eins og hefð er fyrir að nefna 2. hæð í gömlu heimavistinni, sem starfsfólk og fræðimenn við háskólann geta nýtt til skemmri dvalar sér að kostnaðarlausu.

Á heildina litið myndar fyrirlestra- og gistiaðstaða á Bifröst frábæra aðstöðu ýmist til námsdvalar eða námskeiðs- og fundarhalda. Á meðal þeirra sem nýttu sér aðstöðuna á árinu 2022 má nefna FOM University of Applied Sciences for Economics and Management, einn stærsta einkarekna háskóla Þýskalands sem hélt 14 námskeið á Bifröst. Samtök Soroptimista héldu einnig sumarnámskeið fyrir skandinavískar stúlkur, Alþýðusamband Íslands gekkst fyrir Verkalýðsskólanum í samstarfi við Endurmenntun Háskólans á Bifröst og íslenskir skátar slógu upp skátapingi með glæsilegum hátíðarkvöldverði í Forsetasal. Þá dvöldu á Bifröst fulltrúar frá Marie Curie háskólanum í Póllandi um nokkurra daga skeið, Leaders of Digital Didactics voru með skipulagðan viðburð og haldin var tveggja daga evrópska ráðstefna fyrir alþjóðafulltrúa um skipulagningu blandaðra hraðnámskeiða (BIP) í Erasmus+ á vegum RANNÍS, svo að dæmi séu tekin.

Af þeim sem nýttu sér fundaraðstöðuna á Bifröst má nefna norrænu ráðherraverkefni Nordplus annars vegar og Better Gender Balance hins vegar og Umhverfisstofnun, sem hélt þar árlegan starfsdag sinn. –Samband íslenskra samvinnufélaga hélt jafnframt aðalfund sinni í Hriflu í byrjun vetrar. Yfirskrift fundarins var Samvinnusamstarf í nútíð og framtíð, auk þess sem Jóns Sigurðssonar heitnum, fyrrverandi rektor, ráðherra og seðlabankastjóra var minnst með sérstakri ráðstefnu honum til heiðurs.

Af öðrum áhugaverðum viðburðum má svo geta stofnfundar Gleipnis, nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi ses. og ráðstefnu á vegum Félags- og vinnuálaráðuneytisins. Jafnframt var að vanda tekið á móti úrskriftarárgöngum, nýju grillsumri var fagnað á Vorhátíð Bifrastar og Rótary klúbbs Borgarness veitt móttaka.


Á vormánuðum má svo segja að lifnað hafi heldur betur yfir skólakampusi staðarins, er honum var breytt í móttökumiðstöð Borgarness fyrir flóttafólk frá Úkraínu. Miklu Grettistaki var lyft í samstarfi við fjölmarga aðila við að standsetja íbúðarhúsnæði fyrir þann fjölbreytta hóp fjölskyldufólks og einstaklinga sem sveitarfélagið skýtur tímabundið skjólshúsi yfir á Bifröst, á meðan unnið er úr aðflutningi hvers og eins til landsins. Kann starfsfólk háskólans þeim fjölmörgu sem lögðu til húsmuni, leikföng, fatnað og búsáhöld miklar þakkir fyrir. Nokkru eftir komu fyrsta hópsins sóttu Bifröst heim Forseti Íslands, hr. Guðni Jóhannesson og eiginkona hans, frú Eliza Reid, ásamt Guðmundi Guðbrandssyni, félags- og vinnuarkáðsráðherra, og heilsuðu upp á dvalargestina frá Úkraínu.

Um gestamóttöku sér lðunn Leósdóttir, verkefnastjóri á Skrifstofu rektors.




Háskólinn á Bifröst í tölum

Hlutfall nemenda eftir deild, námsstigi og kyni - 2022



Deild


- Viðskiptadeild
- Lagadeild
- Félagvísindadeild
- Símenntun - Opið nám
- Háskólagátt






Námsstig

- Framhaldsskólastig
- Grunnám
- Framhaldsnám




Kyn ● Karl ● Kona




Hlutfall nýnema eftir deild, námsstigi og kyni - 2022



Hlutfall brautskráninga eftir deild, námsstigi og kyni - 2022





Dreifing nemenda Háskólans á Bifröst um landið



Ársreikningur 2022

Allar tölur í milljónum króna

Rekstrarreikningur	2022	2021	2020	2019
Rekstrartekjur	1311.2	1315.1	1088.6	936.1
Rekstrargjöld	1247.2	1090.2	947.3	876.0
Rekstrarhagnaður	64.0	224.9	141.3	60.1
Afskriftir	15,9	10.9	21.9	19.1
Fjármagnsliðir	9,5	22.3	22.9	23.9
Hagnaður ársins	38.7	191.7	96.5	17.1
Eignir				
Fastafjármunir	269.6	255.5	266.0	279.0
Veltufjármunir	218.0	204.2	144.8	70.1
Eignir samtals	487.6	459.7	410.8	349.1
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	176.8	138.2	(53.6)	(150.0)
Langtímaskuldir	101.8	167.4	257.4	270.1
Skammtímaskuldir	209.0	154.1	207.0	229.0
Eigið fé og skuldir samtals	487.6	459.7	410.8	349.1





Akademísk starfsemi

Félagsvísindadeild

Árið 2022 var viðburðaríkt ár í starfi Félagsvísindadeildar. Deildin hafði árið áður verið aðskilin frá lagadeild og stendur nú á eigin fótum eftir fjögurra ára sambýli. Sá aðskilnaður hefur styrkt deildina faglega og fræðilega. Námslínur hafa orðið til með nýjum áherslum í námsframboði. Yngstu námslínurnar Skapandi greinar og Áfallstjórnun sem hrundið var af stokkum 2020 og 2021 sönnuðu sig rækilega og fyrstu útskriftarnemendurnir úr þessum námslínunum luku námi á árinu. Samtal hófst við hagaðila um grunnnám í öryggis, eldvarnar og almannvörnum og innan námslínunnar Opinberrar stjórnsýslu voru lögð drög að námsnýjungum

Mannauður deildarinnar jókst á árinu með nýjum starfsmönnum. Dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir var ráðin sem deildarforseti þann 1. september og tók við af dr. Nirði Sigurjónssyni. Dr. Bergsveinn Þórsson var frá sama tíma ráðinn fagstjóri Opinberrar stjórnsýslu. Með Ólínu fylgjaði prófessorum deildarinnar úr tveimur í þrjá og varð hún þar með fyrsta konan í Félagsvísindadeild til þess að hljóta framgang til prófessors. Eitt fyrsta verk nýs deildarforseta var að fá samþykka stækkun deildarráða skólans úr 3 í 5 svo nú sitja í deildarráði Félagsvísindadeildar fulltrúar bæði meistaranáms og grunnnáms. Í lok árs 2022 voru fulltrúar nemenda Eiður Arnarson og Hjördís Garðarsdóttir en dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og dr. Bergsveinn Þórsson fulltrúar kennara. Árið 2022 störfuðu í deildinni 9 fastráðnir kennarar í átta stöðugildum, fimm konur og fjórir karlar. Starfandi aðjúnktar við deildina í árslok voru sjö.



Dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir er deildarforseti félagsvísindadeildar.

Grunnnám

Félagsvísindadeild býður upp á 180 ECTS eininga BA nám í fjórum námslínum sem allar eru vinsælar, samþættar og styðja hver við aðra. Þær eru: Heimspeki, hagfræði og stjórnmál (HHS), Opinber stjórnsýsla, Skapandi greinar og Miðlun og almannatengsl. Þrjár þeirra bjóða einnig 60 eininga grunndiplómu.

HHS er rótgrónasta námslínan í Félagsvísindadeild. Hún miðlar klassískum stjórnvísindum og hugmyndastraumum þar sem fléttast saman þrjár grunngreinar hug- og félagsvísinda sem jafnan eru kenndar hver í sínu lagi. Með því að nýta aðferðir og innsýn þessara þriggja greina saman, verður til óvenjulegt og innihaldsríkt grunnnám sem gerir nemendum mögulegt að skilja hvernig ólík sjónarhorn fræðanna geta unnið saman. Námsbrautin er sniðin að breski fyrirmynd og er Háskólinn á Bifröst eini háskólinn á Íslandi sem býður upp á nám í HHS. Á árinu var farið að vinna eftir niðurstöðum úttektar sem gerð var á námslínunni af sérstökum vinnuhópi árið áður. Sú vinna stendur enn, m.a. með markvissri rýni námsframboðs. Fagstjóri HHS er dr. Magnús Árni Skjöld, dósent.

Í námslínunni **Opinberri stjórnsýslu** er fléttað saman þeim þremur höfuðgreinum sem fást við rekstur þjóðarbúsins, lögfræði, stjórnmálafræði og viðskiptafræði. Nemendur kynnast lagaumhverfi hins opinbera, öðlast skilning á pólitísku gangverki ríkisvaldsins og fá hagnýta þjálfun í margvíslegri rekstrarfærni. Allt eru það þættir sem nýtast starfsfólki hins opinbera til að dýpka skilning á samhengi opinbers rekstrar og öðlast nauðsynlega innsýn í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Á árinu voru lögð drög að áherslu á „græna stjórnsýslu“ innan námslínunnar með námsframboði sem hrundið verður af stokkum sumar og haust 2023. Fagstjóri er dr. Bergsveinn Þórsson, dósent.

Námslínan **Skapandi greinar** veitir nemendum menntun og þjálfun til að starfa í margvíslegum menningar- og hugverkagreinum. Fagstjóri og kennarar námslínunnar stóðu að málþinginu „Skapandi greinar á tímamótum“ þann 26. október, en þar var fjallað um tækifæri sem felast í stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina. Þá stóð námslínan í samstarfi við Félagsvísindadeild HÍ að hádegisfyrirlestri fræðimannsins Stuart Cunninghams í aðdraganda Þjóðarspegils 27. október. Námslínan var einnig þátttakandi í norrænni vinnusmiðju í janúarmánuði. Þar hún heitið „Mind The Gap Please!“ og fjallaði um menningartölfræði. Opunarerindi fluttu Sigurjón Sighvatsson, listamaður og kvikmyndaframleiðandi og Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs. Fagstjóri námslínunnar er Anna Hildur Hildibrandsdóttir, MA.

Námslínan **Miðlun og almannatengsl** miðar að því að búa nemendur undir samskipti við fjölmiðla og upplýsingagjöf. Námið byggir á breiðum grunni hug- og félagsvísinda og nýtist þeim sem hafa áhuga á að vinna við miðlun upplýsinga, upplýsingaráðgjöf eða sinna upplýsingagjöf á sviði fjölmiðlunar eða almannatengsla, í opinberri stjórnsýslu, fyrir frjáls félagasamtök, stjórnmálaflokka eða stofnanir og fyrirtæki af ýmsum toga. Lögð er áhersla á þjálfun í skriflegri og munnlegri framsetningu sem nýtist á margvíslegum starfsvettvangi. Ánægjufni er að nokkrar lokaritgerðir á vegum nemenda vöktu athygli fjölmiðla og fengu umfjöllun á árinu. Þá voru gerðar nokkrar breytingar á námskeiðsframboði. Haldinn var *Dagur miðlunar og almannatengsla* þann 21. maí undir yfirskriftinni þróun og aukin fagvæðing þar sem aðilar úr atvinnulífi deildu reynslu og þekkingu. Svo vel tókst til að ákveðið hefur verið að gera daginn að föstum lið. Fagstjóri er Andrea Guðmundsdóttir, MA.



Meistaránám

Tvær námslínur standa til boða í meistara og MCM námi í Félagsvísindadeild: Menningarstjórnun og Áfallastjórnun. Báðar námslínur eru til 90 ECTS eininga. Einnig er boðið upp á viðbótardiplómu í Áfallastjórnun sem er til 60 ECTS eininga.

Nám í **Menningarstjórnun** býr nemendur undir stefnumótun, stjórnun og rekstur í nútíma rekstrarumhverfi mennta og menningarstofnana. Námið er mótað með hliðsjón af íslensku og alþjóðlegu menningarumhverfi og er Háskólinn á Bifröst einn með þessa samsetningu náms hérlendis. Námslínur í menningarstjórnun eru í stöðugri endurskoðun og hefur áherslan verið m.a. á að auka við stjórnunar og nýsköpunarþátt námsins. Nemendur sem lokið hafa meistaranámi í menningarstjórnun starfa víða innan menningargeirans á Íslandi í dag, einkum við skapandi miðlun og stjórnunarstörf. Fagstjóri er dr. Njörður Sigurjónsson, prófessor.

Nám í **Áfallastjórnun** snýr að forvörnum og viðbúnaði, viðbrögðum, lærdómi og endurreisn vegna áfalla. Á síðastliðnum áratugum hafa fyrirtæki, stofnanir og jafnvel heilu samfélögin þurft að glíma við sífellt flóknari áföll, m.a. vegna þróunar byggða, loftslagsáhrifa, aukinnar alþjóðavæðingar og aukinna samskipta fólks. Náttúruhamfarir, efnahagsáföll, stríð, hryðjuverk og faraldrar eru meðal þeirra áfalla sem hafa verið mest krefjandi í heiminum á þessu tímabili. Auk félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst koma að náminu Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra, Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Rauði krossinn á Íslandi, Samband íslenskra sveitarfélaga og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Háskólinn á Bifröst er eini háskólinn sem býður uppá námslínu í áfallastjórnun hérlendis og er dýrmætt að vera í samvinnu við helstu viðbragðsstofnanir samfélagsins. Fagstjóri er dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, dósent.

Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Innan Félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst eru fræðimenn sem hafa verið ötulir í rannsóknum og virkir í fræðilegri, opinberri umræðu.

Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórn málafræði, stundar sín fræði á alþjóðavettvangi og er virkur þátttakandi í fjölmörgum alþjóðlegum rannsóknahópum. Hann hefur sent frá sér fjölda bóka og fræðigreina á sínu fagsviði sem jafnan vekja mikla athygli. Útgefandi hans er Palgrave Macmillan en á árinu kom út bók hans Þjóðarávarpið hjá Forlaginu. Eiríkur er enn fremur reglulegur álitsgjafi fjölmiðla í umfjöllunum um málefni líðandi stundar varðandi stjórn mála og efnahagsmál, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

Dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, fagstjóri náms í áfallastjórnun við Félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst hefur sérhæft sig á sviði áfallastjórnunar (Culture and Crisis Management. How Culture Influences the Behavior of Decision Makers in Crisis Preparedness and Response) og hefur sinnt rannsóknum og kennslu á Íslandi, í Svíþjóð, Bandaríkjunum og Japan. Ásthildur leiddi á árinu nefnd á vegum forsætisráðuneytis um áfallastjórnun á tímum Covid faraldursins, en nefndin skilaði af sér í árslok.

Dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, prófessor og deildarforseti, er virkur rannsakandi á sviði íslenskra fræða og þátttakandi í fræðilegri umræðu sem og á vettvangi dagsins. Eftir hana liggja átta bækur, þar af sex fræðirit auk fjölda greina og fyrirlestra í ritrýndum fræðiritum og á öðrum vettvangi. Ólína var árið 2019 tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita fyrir bók sína Lífgrös og leyndir dómur. Hún hefur einkum helgað sig þjóðfræðirannsóknum ekki síst á galdramálum 17. aldar sem doktorsritgerð hennar fjallar um (*Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjöllum og munnmælum*).

Dr. Bergsveinn Þórsson, dósent, nýráðinn fagstjóri náms í opinberri stjórnsýslu er með doktorspróf frá Hugvísindadeild háskólans í Ósló, Oslo Universitet, þar sem hann lagði stund á rannsóknir á því hvernig söfn og menningarstofnanir takast á við umhverfismál. Doktorsritgerð hans fjallaði um áhrif hugtaksins mannöld (e. Anthropocene) á innra og ytra starf safna, einkum miðlun, rannsóknir og varðveislu. Á árunum 2020-2022 tók hann þátt í rannsóknarverkefni CoFutures: Pathways to possible presents þar sem hann þróaði aðferðir við framtíðarhugsun og framtíðarsviðsmyndagerð sem lagði grundvöllinn að sýningu um fjölbreyttar framtíðarsýnir.

Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon, dósent og fagstjóri í HHS hefur látið að sér kveða í fræðilegri umræðu um málefni líðandi stundar með birtingu greina í fræðiritum á íslensku og ensku, og sem álitsgjafi. Árið 2020 kom út eftir hann bókina Borgríkið. Reykjavík sem framtíð þjóðar. Hann hefur síðustu misseri verið að kynna sér umgjörð geimrannsókna og hagnýtingar geimvísinda sem vaxandi hátækniatvinnugreinar í samstarfi við fleiri aðila.

Dr. Njörður Sigurjónsson, prófessor og fagstjóri náms í menningarstjórnun og dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent, veita forstöðu Rannsóknasetri í menningarstjórnun sem sett var á fót árið 2007 af Háskólanum á Bifröst, Íslensku óperunni og Félagi íslenskra hljómlistarmanna. Þar eru rannsóknir á menningarstjórnun, menningarhagfræði, félagsfræði menningar og menningarfræðum. Bæði stunda þau Njörður og Sigrún Lilja rannsóknir tengdar setrinu. Hafa þau birt greinar, flutt fyrirlestra og kynnt rannsóknaniðurstöður sína hérlendis og á alþjóðlegum vettvangi.

Rannsóknasetur um skapandi greinar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, forsætisráðuneytið og Háskólinn á Bifröst gerðu 2021 með sér samning um undirbúning að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina (RSG) við Háskólann á Bifröst. Undirbúningurinn stóð fram í nóvember 2022 og var unninn í samstarfi við Félagsvísindastofnun HÍ, Listaháskóla Íslands og Samtök skapandi greina sem öll áttu fulltrúa í verkefnisstjórn. Verkefnið var leitt af fagstjóra Skapandi greina við Háskólann á Bifröst, Önnu Hildi Hildibrandsdóttur.

Norrænt samstarf um skapandi greinar

Háskólinn á Bifröst hefur á undanförunum misserum verið í samstarfi við rannsóknarmiðstöðvar og rannsakendur í skapandi greinum á Norðurlöndunum og á Eistlandi. Samstarfið spratt fram af umræðu sem átti stað um undirbúning að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina. Háskólinn á Bifröst fékk stuðning frá Nordplus Horizontal sjóðnum til að koma þessu tengslaneti á en í því eru fulltrúar frá Telemarkt forskning í Noregi, Cupbore í Finnlandi, Kulturanalys Nord í Svíþjóð, Hróaskelduháskóla í Danmörku og Viljande Academy í Eistlandi.

IN SITU um áhrif skapandi greina í dreifbýli

Háskólinn á Bifröst er aðili að nýju alþjóðlegu rannsóknarverkefni, In SITU, sem hefur hlotið 64 mkr styrk úr Horizon Europe rannsóknasjóði Evrópusambandsins. Tilgangur rannsóknarinnar er að auka skilning á formgerð, ferlum og stjórnun fyrirtækja í skapandi greinum sem staðsett eru í dreifbýli í Evrópu. Skoðað verður hvernig efla megi nýsköpun hjá frumkvöðlum og fyrirtækjum í skapandi greinum og stuðla með því að aukinni samkeppnishæfni og sjálfbærni landsbyggða. Nancy Duxbury, fræðikona við University of Coimbra háskólann í Portúgal leiðir verkefnið. Erna Kaaber, sérfræðingur í menningarstefnu, leiðir af hálfu Háskólans á Bifröst íslenska rannsóknarhluta IN SITU ásamt dr. Vífli Karlssyni, prófessor og Önnu Hildi Hildibrandsdóttur, fagstjóra skapandi greina. Rannsóknir á vegum verkefnisins fara fram á tilraunasvæðum í 6 Evrópulöndum eða í Portúgal, Finnlandi, Lettlandi, Króatíu, Írlandi og á Íslandi. Kjarni rannsóknarinnar á Íslandi felst í að koma upp tilraunastofu á Vesturlandi þar sem unnið verður með einstaklingum og fyrirtækjum í skapandi greinum og skoðað hvernig styrkja megi starfsgrundvöll þeirra til framtíðar.



Lagadeild

Starf lagadeildar einkenndist á árinu 2022 af áframhaldandi styrkingu á innra starfi og áherslu á gæðastarf. Hlutfall námskeiða sem kennd eru af fastráðnum kennurum hélt áfram að styrkjast og með fjölgun fastráðinna kennara og nýskipuðum fagstjórum fyrir hverja námslínu gafst svigrúm til að sinna innra starfi deildarinnar af auknum krafti. Á skólaárinu 2022-23 var unnið að gæðamati námslína á meistarastigi, þ.e. náms til meistaragráðu í lögfræði og meistaragráðu í viðskiptalögfræði. Deildin tók upp heimildaskráningarstaðalinn OSCOLA, Oxford Standard for the Citation of Legal Authorities, sem er notaður alþjóðlega í ýmsum háskólum og fræðiskrifum. Nemendur í grunnnámi í lögfræði kynnst því notkun bæði OSCOLA og APA staðalsins enda eru þeir í þverfaglegu námi í lögfræði með viðskiptafræði. Undirbúnar voru stuttar upptökur, svokölluð ör-lög, þar sem lögfræðileg hugtök og málefni eru kynnt á auðskiljanlegan hátt og birt á samfélagsmiðlum. Áhersla deildarinnar á sjálfbærni og tækni- og nýsköpun endurspeglast í breytingum á námsskrá. Nemendum lagadeildar býðst nú að taka námskeið í sjálfbærni og sjálfbærri stjórnun auk tækni- og nýsköpunarréttar og í undirbúningi er að taka upp námskeið í loftslagsrétti á meistarastigi og endurskipuleggja námskeið í orkumálarétti m.t.t. aukinnar áherslu á það réttarsvið í tengslum við loftslagsbreytingar. Háskólinn á Bifröst gerðist á starfsárinu aðili að Festu miðstöð um sjálfbærni og Iceland SIF samtökum um ábyrgar fjárfestingar. Býður sú félagsaðild upp á þátttöku starfsmanna í fræðslustarfi og opnar á möguleika á samstarfi um rannsóknir.

Deildarforseti lagadeildar er Elín H. Jónsdóttir. Í deildarráði áttu sæti auk deildarforseta, Erna Sigurðardóttir aðjúnkt f.h. kennara og Guðríður Björgvinsdóttir fulltrúi nemenda. Árið 2022 störfuðu í deildinni níu fastráðnir kennarar í rúmlega fimm stöðugildum, tveir karlar í tveimur stöðugildum og sjö konur í rúmlega þremur stöðugildum. Á árinu kom til liðs við deildina dr. Bjarni Már Magnússon prófessor en af störfum lét Einar Karl Hallvarðsson sem starfað hafði við deildina um langt árabil og eru honum þökkúð vel unnin störf.

Á skólaárinu 2022-2023 voru í boði, eins og verið hefur, ein námsbraut í grunnnámi og tvær í meistaranámi. Aflögð var kennsla til diplómu í samningatækni og sáttamiðlun en áfram er kennt til diplómu í fyrirtækjalögfræði.

Nemendafélag lagadeildar Háskólans á Bifröst tók aftur til starfa eftir nokkurt hlé og starfar nú af krafti undir nýju nafni, Justitia.



Grunnnám

Háskólinn á Bifröst hefur frá upphafi laganáms við háskólann fyrir rúmum 20 árum boðið upp á nám til **BS gráðu í viðskiptalögfræði** og var fyrstur skóla hér á landi til að bjóða upp á þverfaglegt nám þessara greina. Byrjað var að kenna viðskiptalögfræði í fjarnámi haustið 2015. Námið er 190 ECTS einingar en vegna sumarlotu er unnt að ljúka því á tveimur og hálfu ári sé það tekið á fullum hraða. Aðsókn í grunnnám í viðskiptalögfræði var góð haustið 2022.

Meistaránám

Nemendum sem hafa grunngráðu í lögfræði býðst að ljúka fullnaðarprófi með 120 ECTS eininga **ML gráðu (Master of Law) í lögfræði**. Námslínan er sniðin að þörfum þeirra sem lokið hafa BS í viðskiptalögfræði við háskólann og vilja halda áfram námi sínu með áherslu á dóms- og réttargæslukerfið. Náminu lýkur með 30 ECTS ritgerð.

Námslína í **meistaránámi í viðskiptalögfræði (Master of Business Law)** hefur verið kennd við Háskólann á Bifröst frá árinu 2017. Um er að ræða 90 ECTS eininga gráðu án meistararitgerðar. Umtalsverð endurskoðun átti sér stað á námskeiðaframboði námslínunnar fyrir haustið 2021 þar sem skerpt var á viðskiptalögfræðiáherslum námsins og boðið var upp á tvö námskeið, Inngang að lögfræði og Almennan félagarétt, sem sérsniðin eru að þeim mörgu nemendum sem ekki hafa grunnmenntun í lögfræði. Nemendum námslínunnar sem hafa aðra grunngráðu en lögfræði fjölgaði frá fyrra ári.

Boðið var upp **diplómanám í fyrirtækjalögfræði** sem er 30 ECTS eininga nám á meistarastigi sem miðar að því að þjálfa nemendur í hagnýtum og fræðilegum þáttum er lúta lögfræði í viðskiptum og rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Fagstjórar lagadeildar voru Bjarni Már Magnússon, prófessor, ML í lögfræði, Elín H. Jónsdóttir, forseti lagadeildar, MBL í lögfræði og Unnar Steinn Bjarnald, lektor, BS í viðskiptalögfræði.



• Deildarforseti lagadeildar er Elín H. Jónsdóttir

Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Árið 2022 var ár vaxandi rannsóknarvirkni á meðal akademískra starfsmanna í lagadeild. Afraksturinn birtist m.a. í greinum, opnum fyrirlestrum og þátttöku í ráðstefnum.

Bjarni Már Magnússon, prófessor, tók þátt í starfi og stjórnun deildarinnar m.a. sem fagstjóri ML námslínu frá 1. júlí er hann réðst til starfa við deildina. Bjarni sinnti auk þess stefnumótunarstörfum er snerta uppbyggingu rannsókna við háskólann á Bifröst. Hann flutti þrjú erindi á alþjóðlegum ráðstefnum, á árlegu löggæsluráðstefnunni á Akureyri í október, hann var aðalfyrirlesari (e. key note speaker) á fimmtánda Polar Law Symposium ráðstefnunni sem fór fram í Reykjavík í október og flutti erindi á sjöundu hafréttarráðstefnunni í Seúl í Suður Kóreu í nóvember. Hann setti á laggirnar rannsóknarhóp um málefni geimsins ásamt samstarfsfólki úr öðrum deildum við Háskólann á Bifröst. Ein fræðigreinin birtist eftir Bjarna á árinu en hann vann að fjölmörgum öðrum sem verða útgefnar árin 2023 og 2024 af alþjóðlegum útgáfufyrirtækjum.

Björg Valgeirsdóttir, LL.M., aðjúkt, stýrði námskeiðum og sinnti kennslu bæði í grunnnámi og meistarnámi. Auk þess tók hún þátt í starfi og stjórnun deildarinnar m.a. sem fagstjóri ML námslínu starfsárið 2021-22. Björg stundar nú doktorsnám í alþjóðlegum opinberum rétti við lagadeild háskólans í Lundu, Lunds Universitet, í Svíþjóð þar sem hún sinnir einnig kennslu á meistarastigi.

Diljá Helgadóttir, lektor, sinnti kennslu við lagadeild og tók þátt í starfi og þróun deildarinnar. Diljá útbjóg fyrirlestur og leiðbeiningar um OSCOLA heimildingaskráningarstaðalinn og var hluti af starfshópi um kennslumat fyrir hönd lagadeildarinnar. Diljá kláraði einnig málfutningsréttindi í New York fylki í Bandaríkjunum en hún starfar sem lögmaður í London.

Elín Blöndal, dósent og skrifstofustjóri á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar sinnti kennslu og tók þátt í starfi og þróun deildarinnar. Á árinu vann hún m.a. að endurúrgáfu (4. útg.) á bókinni *Labour Law in Iceland*, sem gefin er út af Wolters Kluwer og sat í grænbókarnefnd forsætisráðherra um framtíðarumhverfi vinnumarkaðarins.

Elín H. Jónsdóttir, deildarforseti, sinnti kennslu við laga- og viðskiptadeild og leiddi þróun og starf lagadeildar. Hún er jafnframt fagstjóri MBL námslínu. Hún hlaut á árinu styrk úr námssjóði Háskólans á Bifröst og lauk námskeiðinu Law and Sustainability við Oxford Smith School of Enterprise and the Environment. Elín lauk við samstarf um bókarkafli í bókinni Nordic Company Law: Broadening the Horizon, sem fyrirhugað er að komi út á árinu 2023 útgefin af Scandinavian University Press. Elín situr í stjórn Landsbankans og starfar jafnframt í áhættunefnd bankans.

Erna Sigurðardóttir, aðjúkt, sinnti kennslu við lagadeild og tók virkan þátt í innra starfi með áherslu á gæðastarf. Erna leiðir gæðamat námslína í lagadeild og á árinu var unnið að gæðamati námslína á meistarastigi. Erna sat í deildarráði lagadeildar fyrir hönd kenna og tók þátt í formlegri þjálfun nemendafulltrúa í gæðamálum, sem gæðastjóri hefur yfirumsjón með árlega. Erna starfar einnig sem lögfræðingur hjá alþjóðlega fjártækniyrirtækinu Rapyd og er auk þess persónuverndarfulltrúi félagsins.

Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor, lauk á árinu doktorsprófi í lögfræði við Fordham háskólann í New York. Doktorsverkefni hennar fjallaði um lagaumhverfi vogunarsjóða sem fjárfesta í skráðum félögum.

Krístún Heimisdóttir sneri aftur til kennslu á Bifröst og kenndi Almenna lögfræði III, námskeið sem hún kom á fót fyrir 20 árum, og einnig námskeið um stjórnskipunarrétt. Krístún hefur kennt lögfræði frá árinu 2003 og var rannsóknafélagi við Columbia Law School í New York þar til um síðustu áramót. Skrif hennar t.d. stjórnarskrármálefni hafa vakið athygli.

Unnar Steinn Bjarndal, lektor og hæstaréttarlögmaður stundar samhliða kennslu og lögmennsku doktorsnám á sviði réttarfars, sáttamiðlunar og rafrænnar dómsýslu. Þá tók hann þátt í störfum úrskurðarnefndar kosningamála, en úrskurðarnefndin, sem sett var á laggirnar með nýjum kosningalögum, hefur það hlutverk að leysa úr ágreiningsmálum er varða framkvæmd kosninga.



Deildarforseti viðskiptadeildar er dr. Stefan Wendt

Viðskiptadeild

Alls voru 16 fræðimenn starfandi við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst á árinu 2022. Af þeim hafa sex lokið doktorsnámi. Þá var skiptingu á akademískum stöðum svo háttað við árslok, að starfandi voru tveir prófessorar, þrjú dósentar, átta lektorar og þrjú aðjúnktar. Nýráðningar á árinu voru tvær. Sigurður Blöndal, lektor, gekk til liðs við viðskiptadeild í júlí 2022. Hann starfaði áður við viðskiptaháskólann Erhvervs Akademi Sydvest í Danmörku og styrkti sérhæfing hans í verkefnastjórnun til muna það fræðasvið innan deildarinnar. Skömmu síðar, eða í ágúst, gekk svo Bjarki Þór Grönfeldt Gunnarsson til liðs við viðskiptadeild. Hann kom á Bifröst frá University of Kent háskólanum í Englandi, þar sem hann lauk doktorsgráðu sinni í stjórnmalasálfræði í desember sama ár. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi eiga hlut að ráðningu Bjarka Þórs. Er það liður í að efla rannsóknasamstarf viðskiptadeildar og SSV á sviði byggðaþróunar. Þess má svo geta, að á árinu tóku um 30 stundakennarar að sér kennslu við deildina.

Deildarforseti viðskiptadeildar er dr. Stefan Wendt. Deildarráð skipa ásamt deildarforseta Brynjar Þór Þorsteinsson, sem er lektor við viðskiptadeild og endurkjörinn fulltrúi kennara við deildina á skólaárinu 2022-2023 og Hlynur Finnbogason, sem er nemandi í grunnnámi í viðskiptafræði og hefur einnig hlotið endurkjör í deildarráð fyrir skólaárið 2022-2023.

Á árinu var lokið við mótun og innleiðingu á hlutverki fagstjóra. Með tilkomu fagstjóra hefur fræðileg forysta verið styrkt til muna innan hverrar námsleiðar ásamt tilskildu gæðaeftirliti.

Fagstjórar á grunnnámsstigi voru eftirtaldir:

Einar Svansson, dósent: BS í viðskiptafræði með áherslu á þjónustustjórnun.

Dr. Erlendur Ingi Jónsson, lektor: BS í viðskiptafræði með áherslu á fjármálastjórnun.

Hanna Kristín Skaftadóttir, aðjúnkt: BS í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind.

Jón Snorri Snorrason, dósent: BS í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun og diplóma í viðskiptafræði og verslunarstjórnun.

Ragnar Már Vilhjálmsson, aðjúnkt: BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði.

Sigurður Blöndal, lektor: BS í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun.

Dr. Stefan Wendt, prófessor: BS í viðskiptafræði (með engri áherslu) og BS í viðskiptafræði með áherslu á sjálfbærnistjórnun.

Fagstjórar á meistarastigi voru eftir námslínunum eftirtaldir:

- Dr. Arney Einarsdóttir, dósent: MS-MLM meistaranám í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun.
- Brynjar Þór Þorsteinsson, lektor: MS-MMM meistaranám í markaðsfræði.
- Sigurður Blöndal, lektor: MS-MLM meistaranám í forystu og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun.
- Dr. Stefan Wendt, prófessor: MS-MLM meistaranám í forystu og stjórnun.

Grunnnám

Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst býður grunnnám í viðskiptafræði (180 ECTS einingar) til BS gráðu. Sérstaða námsins felst í því að nemendum gefst kostur á að sérhæfa sig í allt að tveimur áherslum. Áherslunar eru 7 talsins: Fjármálastjórnun, markaðsfræði, sjálfbærnistjórnun, verkefnastjórnun, verslunarstjórnun, viðskiptagreind og þjónustufræði. Þar að auki er einnig í boði diplómunám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun (60 ECTS einingar). Á árinu var lokið við endurskipulagningu á grunnnámi í viðskiptafræði ásamt áherslum og diplómanámi í viðskiptafræði og verslunarstjórnun. Starfsteymi deildarforseta og hlutaðeigandi fagstjóra leiddi verkefnið, sem hrundið var af stað í framhaldi af gagngerðu endurmati sem fram fór á árunum 2020 og 2021 á námslínunum og samanburði við sambærilegt nám við aðra háskóla hér á landi. Með það fyrir augum að sem bestum árangri yrði náð, var bæði núverandi og útskrifuðum nemendum boðið að koma að endurskipulagningunni, auk þess sem starfsteymið ráðfærði sig við utanaðkomandi sérfræðinga og starfsmenn úr stjórnarsýslu háskólans. Sá breiði samstarfsgrunnur sem endurskipulagningin byggði á, greiddi jafnframt fyrir innleiðingunni á endurskoðaðri námslínu haustið 2022. Auk þess að gefa nemendum kost á auknum sveigjanleika og fleiri valkostum í námi varðandi áherslur og valnámskeið, allt eftir áhuga og framtíðaráætlun hvers og eins, var við endurskoðunina lögð áhersla á að námslínan mæti á hverjum tíma þeim kröfum sem gerðar eru á vinnumarkaði um framúrskarandi þekkingu, leikni og hæfni þeirra sem skipa stjórnenda- og leiðtogastöður.

Grunnnám í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst er alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í atvinnulífi og samfélagi. Kjarnafög námsins samanstanda af almennum viðskiptafræðigreinum. Nemendur geta valið um eftirtaldir áherslu í BS námi sínu:

Fjármálastjórnun: BS nám í viðskiptafræði með áherslu á fjármálastjórnun er sérhæft viðskiptanám, sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við þekkingu sína, leikni og hæfni á sviði fjármála. Námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra, sem starfa eða stefna að því að starfa hjá fjármáladeildum fyrirtækja, stofnana eða annarra skipulagsheilda. Þá er lögð áhersla á sérhæfða þekkingu og færni í fjármálastjórnun með hliðsjón af nýjustu þróun á fjármálamörkuðum. Sérstök áhersla er einnig lögð á, að nemendur öðlist reynslu og hæfni til þess að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt.

Markaðsfræði: Markmiðið er að bjóða upp á sérhæft viðskiptanám sem er sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við menntun, þekkingu og hæfni á sviði markaðsfræða. Námið er ætlað þeim sem starfa eða hafa áhuga á að starfa að markaðsmálum. Í náminu er lögð áhersla á möguleika samfélagsmiðla til markaðssamskipta og hvernig ná megi forskoti á mörkuðum á grundvelli markaðsherferða á samfélagsmiðlum. Þá er einnig lögð sérstök áhersla á að nemendur öðlist reynslu og hæfni til þess að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt.

Sjálfbærnistjórnun: BS nám í viðskiptafræði með áherslu á sjálfbærnistjórnun er sérhæft viðskiptanám, sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við þekkingu sína, leikni og hæfni í sjálfbærni. Háskólinn á Bifröst skapað sér enn frekari sérstöðu hér á landi þar sem aðrir háskólar á Íslandi bjóða ekki upp á sérhæfða áherslu á sviði sjálfbærni. Námið er ætlað þeim sem starfa eða stefna að því að starfa að sjálfbærni fyrirtækja, stofnana eða annarra skipulagsheilda. Áhersla er lögð á umhverfislega, félagslega og eftirlitstengda þætti í fyrirtækjarekstri ásamt tilheyrandi matsgerð. Þá er sérstaklega lögð áhersla á að nemendur öðlist reynslu og hæfni til þess að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt.

Verkefnastjórnun: BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun er sérhæft viðskiptanám sem er sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við þekkingu sína, leikni og hæfni á því sviði. Gerðar eru meiri kröfur en áður um fagmennsku við að stýra og leiða fjölbreytt verkefni. Sérstaða námsins felst í námskeiðum sem nýtast þeim sem vilja ná betri árangri við að leiða og stýra hinum ýmsu verkefnum. Þá er sérstaklega lögð áhersla á að nemendur öðlist reynslu og hæfni til þess að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt.

Verslunarstjórnun: BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun er fyrir þá sem hafa áhuga á sérhæfðu viðskiptanámi í smásöluverslun og vilja auka við þekkingu sína, færni og leikni á því sviði. Námið er sérstaklega sniðið fyrir þá sem starfa eða stefna að því að starfa við verslunarstjórnun. Sérhæfing námsins byggir á áföngum sem eru þróaðir með sérþarfir verslunarinnar í huga og með þátttöku lykilyfirtækja í greininni. Þá er sérstaklega lögð áhersla á að nemendur öðlist reynslu og hæfni til þess að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt.

Viðskiptagreind: BS nám í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind er sérhæft viðskiptanám sem er sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við þekkingu sína, leikni og hæfni á því sviði. Á síðustu árum hefur bylting átt sér stað í þróun gervigreindar sem flestar atvinnugreinar byggja á í dag. Gervigreind og sjálfvirkni er víða að finna í heimi viðskipta. Stjórnendur þurfa í æ ríkari mæli að hafa þekkingu á notkunargildi og þeim möguleikum sem þessi hugbúnaður hefur upp á að bjóða. Þannig er stuðlað að því að leiðtogar framtíðarinnar hafi skilning á þessum hugbúnaði og geti notfært sér þessa nýju tækni. Áhersla er lögð á virkni hinna ýmsu tegunda hugbúnaðar og notagildi í síbreytilegum heimi viðskipta.

Þjónustufræði: BS nám í viðskiptafræði með áherslu á þjónustufræði er sérhæft viðskiptanám, sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við þekkingu sína, leikni og hæfni á sviði þjónustu. Með námi í þjónustufræði hefur Háskólinn á Bifröst skapað sér enn frekari sérstöðu hér á landi þar sem aðrir háskólar á Íslandi bjóða ekki upp á sérhæfða áherslu á sviði þjónustu. Þá er sérstaklega lögð áhersla á að nemendur öðlist reynslu og hæfni til þess að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er starfstengt nám fyrir verslunarstjóra. Styrkur námsins liggur í virku samstarfi við atvinnulífið. Sérhæfing námsins byggir á áföngum sem eru þróaðir með sérþarfir verslunarinnar í huga og með þátttöku lykilyfirtækja í greininni. Þá er sérstaklega lögð áhersla á að nemendur öðlist reynslu og hæfni til þess að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt. Námið er metið til eininga í áframhaldandi námi í viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst. Nemendur sem útskrifast með diplómagráðu í verslunarstjórnun munu því geta haldið áfram námi til BSc gráðu í viðskiptafræði kjósi þeir það.

Meistaránám

Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst er með meistaránám í forystu og stjórnun. Auk þess geta nemendur valið um tvær mismunandi áherslur: annars vegar forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun og hins vegar forystu og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun. Einnig er viðskiptadeild með meistaránám í markaðsfræði.

Meistaránám í forystu og stjórnun við Háskólann á Bifröst er 90 ECTS eininga nám sem hægt er að ljúka með MS gráðu eða með MLM (Master of Leadership and Management) gráðu. Meistaránám í forystu og stjórnun er fjölmennasta námsbrautin við Háskólann á Bifröst. Við undirbúning og hönnun námsins var framkvæmd þarfagreining á því sem námið þyrfti að innihalda til að það yrði sem gagnlegast og þannig tengd saman fræði og framkvæmd. Meistaránám í forystu og stjórnun er fjölbreytt og krefjandi nám sem ætlað er að búa nemendur undir forystu- og stjórnunarstörf. Námið á að gefa nemendum hagnýta þekkingu á viðfangsefnum og dýpka fræðilegan skilning og grunn. Námið undirstrikar og styður við hlutverk Háskólans á Bifröst sem er m.a. að undirbúa fólk fyrir forystustörf í atvinnulífi og samfélagi, með sjónarmið sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar að leiðarljósi.

Áhersla á mannauðsstjórnun: Mannauðsstjórnun er þverfaglegt fag og margir þættir sem lúta að stjórnun mannauðsins sem byggja grunn að fagþekkingu á því sviði og getu til að stjórna, hafa áhrif á og vinna með fólki. Á námslínunni eru fjölbreytt námskeið í boði sem mynda bæði fræðilegan og hagnýtan grunn í stjórnun mannauðs fyrir þá sem þegar starfa sem stjórnendur, eða sérfræðingar á sviði mannauðsmála, eða áforma að starfa sem annað hvort stjórnendur eða sérfræðingar á þessu sviði. Námskeið línunnar taka á ýmsum kjarnaþáttum og hornsteinum mannauðsstjórnunar s.s. eins og þjálfun og þróun mannauðs, áætlanagerð, starfsmannavali og ráðningum, vinnusálfræði og þ.m.t. hvatningu og samskiptum á vinnustöðum ásamt ýmsu er varðar almenna velferð, vellíðan og hæfni starfsfólks í starfi.

Áhersla á verkefnastjórnun: Í atvinnulífi og samfélagi eru sífellt gerðar meiri kröfur um fagmennsku við að stýra og leiða fjölbreytt verkefni. Verkefnastjórnun vegur þannig æ meira í faglegri forystu. Enn fremur hafa margir nemendur í forystu og stjórnun sem og aðrir nemendur sýnt aukinn áhuga á verkefnastjórnun. Námið byggir í grunninn á námskeiðum úr forystu og stjórnun en auk þeirra felst sérstaða námsins í námskeiðum sem eru sniðin að starfi verkefnastjórans. Námið hentar vel stjórnendum sem stýra fjölbreyttum og krefjandi verkefnum í atvinnulífinu.

Meistaránám í markaðsfræðum er 90 ECTS eininga nám sem hægt er að ljúka með MSc gráðu eða með MMM (e. Master of Marketing Management) gráðu. Meistaránám í markaðsfræðum hefur verið í boði frá hausti 2017 og er ætlað þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við markaðsmál og hafa þegar reynslu af markaðs- og sölumálum en vilja dýpka þekkingu sína á fjölbreyttri flóru markaðsfræðinnar. Meistaránám í markaðsfræðum veitir nemendum haldgóða og nauðsynlega þekkingu fyrir starfsumhverfi markaðsstjóra. Meistaránám í markaðsfræðum er heildstætt nám sem inniheldur víðtæk námskeið, allt frá markaðslegri stefnumótun til stafrænna markaðssamskipta en slík kunnátta og þekking er sífellt mikilvægari í þjónustu og samskiptum við neytendur.



Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna við viðskiptadeild jókst í samanburði við undangengin ár. Fræðafólk deildarinnar tók þátt í fjölbreyttum rannsóknaverkefnum sem skiluðu birtum greinum eða köflum hjá talsverðum fjölda ritrýndra tímarita. Einnig má sjá afraksturinn í rannsóknarskýrslum, ritstýrðum bókaútgáfum og fjölda fyrirlestra á jafnt alþjóðlegum sem innlendum ráðstefnum, málþingum og málstofum eða vinnustofum.

Þá edurspeglast styrkur rannsóknastarfsins ekki aðeins í þeim fjölda hágæða birtinga og fyrirlestra sem viðskiptadeild naut á árinu, heldur einnig í fjölbreytileika þeirra viðfangsefna sem rannsökuð voru, s.s. á sviði fyrirtækjastjórnunar, CRM þjónustustjórnunar, fjármálastjórnunar og fjármálatækni, mannauðsstjórnunar, stjórnunarfræða, leiðtogafræða, markaðsstjórnunar, sjálfbærnistjórnunar og samfélagslegrar ábyrgðar, byggðapróunar, svo að eitthvað sé nefnt. Rannsóknir við deildina hafa jafnframt vakið athygli fjölmiðla og fengið umfjöllun í sjónvarpi og útvarpi sem og í blöðum og á vefmiðlum.

Af helstu samstarfsaðilum viðskiptadeildar í rannsóknum má nefna eftirtalda:

- Rannsóknarsamstarf við fræðimenn annarra háskóla innan lands og utan.
- Gleipnir, nýtt nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi.
- Rannsóknasetur verslunarinnar.
- Undirbúningur fyrir stofnun rannsóknaseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum í samstarfi við innviðaráðuneytið sem þverfaglegan og opinn samstarfsvettvang um byggða- og sveitarstjórnarmál með sérstakri áherslu á samstarf við ráðuneytið, Byggðastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.
- CRANET, alþjóðlegt samstarfsverkefni um langtíma samanburðarrannsóknir í mannauðsstjórnun á vegum Cranfield Network on International Human Resource Management.
- Félag löggiltra endurskoðenda, FLE, vegna könnunar á viðhorfum félagsmanna til starfa endurskoðunarnefnda fyrirtækja á verðbréfamarkaði.
- Erasmus+ verkefni, þ.á.m. BoostEdu, CT.Uni, COPE, 4S4C.
- EEA verkefni, þ.á.m. Management in the time of crisis, rannsóknaverkefni í samstarfi við háskólann í Ljublin í Póllandi.
- The Lost Millenials eða Týnda aldamótakynslóðin, fjölþjóðlegt 14 ríkja samstarfsverkefni.





Anna Jóna Kristjánsdóttir, forstöðumaður háskólagáttar og endurmenntunar

Háskólagátt

Nám í Háskólagátt veitir alhliða undirbúning fyrir háskólanám. Það er skipulagt með hliðsjón af reglum nr. 835/2019 um aðfaranám í háskólum. Nám í Háskólagátt er í boði bæði á íslensku og ensku. Námskrá Háskólagáttar fylgir Aðalnámskrá framhaldsskóla og byggir á sömu sex grunnþáttum sem gert er ráð fyrir að fléttist inn í nám á framhaldsskólastigi en þau endurspeglar menntastefnu íslenskra stjórnvalda. Nemendur útskrifast með þekkingu, leikni og hæfni á þriðja hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun.

Nám í Háskólagátt er skipulagt í framhaldsskólalæningum og er samtals 70 einingar. Nemendur í fullu námi geta lokið því á einu skólaári, en einnig er hægt að taka námið á lengri tíma. Námið er ætlað fullorðnum nemendum sem þurfa undirbúning fyrir háskólanám. Aðgangsviðmið eru skilgreind í námskrá.

Nám í háskólagátt er skipulagt með tilliti til þess að búa nemendur undir nám á háskólastigi í greinum hug- og félagsvísinda, einnig til þess að veita undirstöðumenntun á framhaldsskólastigi til að styrkja einstaklinga út á vinnumarkaðinn. Kennar eru þrjár kjarnagreinar; íslenska, stærðfræði og enska. Auk þess taka nemendur stutt námskeið í upplýsingatækni, námskeið í félagsvísindum og skapandi og gagnrýninni hugsun, og þverfaglegan áfanga undir heitinu Landið mitt Ísland. Nemendur hafa val um að taka áfanga um stofnun og rekstur fyrirtækja eða fjármálalæsi. Nemendur í Háskólagátt á ensku hafa tekið námskeið í íslensku sem annað mál allan námstímann, og koma þau í stað íslenskunámskeiða í Háskólagátt á íslensku og námskeiðsins Landið mitt Ísland. Í náminu er lögð áhersla á námstækni, markmiðasetningu og framkomu.

Námskrá Háskólagáttar á ensku hefur verið endurskoðuð með áherslu á að námið undirbúi nemendur fyrir háskólanám á íslensku og verður kennt eftir nýju fyrirkomulagi frá haustönn 2023. Þá verður í boði sértakt aðfaranám fyrir íslensku sem annað mál frá haustönn 2023.

Endurmenntun Háskólans á Bifröst

Endurmenntun Háskólans á Bifröst býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir fólk sem vill taka forskot á framtíðina með því að efla þekkingu sína og hagnýta færni.

Mörg námskeiðanna eru einingabær og taka þátttakendur þátt í þeim samhliða nemendum háskólans. Þau eru kennd í fjarnámi með einni vinnustofu á Bifröst og henta þau því einkar vel samhliða starfi eða öðru námi.

Til viðbótar við einingabær námskeið býður Endurmenntun Háskólans á Bifröst upp á ýmis sérhæfð námskeið. Þá tekur Endurmenntun Háskólans á Bifröst einnig að sér þróun á sérsniðnu námsframboði í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök. Dæmi um gjöfult samstarf er námið Forysta til framtíðar sem þróuð er í samstarfi við Samkaup, ætlað verslunarstjórum Samkaupa og veitir 12 ECTS einingar sem þátttakendur geta fengið metnar inn í grunnám Háskólans á Bifröst.

Á vorönn 2022 tóku 17 konur þátt í náminu Máttur kvenna – rekstur fyrirtækis sem boðið hefur verið uppá frá árinu 2007. Máttur kvenna er 12 vikna nám í rekstri fyrirtækja, en í náminu er áhersla á framkomu, rekstur fyrirtækja, hagnýt fjármál og markaðssetningu.

Á árinu voru einnig námskeið um í upplýsingatækni í skólastarfi, stjórnendanámskeiðið Kjarkur til forystu og námskeiðið Verkalýðsskólinn sem undirbúið var í samstarfi við ASÍ. Þá var boðið upp á undirbúningsnámskeið í stærðfræði og upplýsingatækni fyrir nemendur sem voru að hefja nám við Háskólann á haustiönn 2022.



Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Styrking rannsóknastarfs við háskólann er hluti af stefnumiðum fram til ársins 2030 og gæða- og umbótavegferð skólans eins og fjallað er um í undirkaflanum Framvinda stefnumiða Háskólans á Bifröst, 4. markmið á bls xx. Markmiðið er að efla Bifröst sem spennandi starfsvettvang fræðafólks á fræðasviðum skólans - laga, félagsvísinda og viðskipta. Á árinu 2022 voru stigin mikilvæg skref á þessum vettvangi sem bæði lutu að rýningu á rannsóknaumhverfi – og umsýslu skólans og líka að eflingu rannsóknasamfélags hans með ráðningum í nýjar akademískar stöður. Nú er starfandi við skólann þéttur hópur öflugs fræðafólks sem nýtir kosti náinna tengsla í litlum skóla og þægindi stafræns umhverfis. Þverfaglegt samstarf á milli starfsfólks laga, félagsvísinda og viðskiptadeilda er frjó uppspretta rannsóknahugmynda og ýmsir af rannsakendum skólans hafa um árabíl átt gott samstarf við rannsakendur í öðrum innlendum háskólum og alþjóðlega. Áherslur í rannsóknastarfi háskólans eru fjölþættar á fræðasviðum hans en lykilverkefni snúa m.a. að rannsóknum í nærsamfélagsins á Vesturlandi, rannsóknum á sviði mannauðsmála, þjóðréttarmála, stjórnmála, menningarmála og almannavarna.

Hér á eftir hafa verið tekin saman úr öllum deildum nokkur dæmi um rannsóknasamstarf og rannsóknarafurðir ársins - fræðasetur, skýrslur, greinar, málþing, tónsmíðar, samstarfsverkefni og bækur. Umfjöllunin gefur alls ekki tæmandi yfirlit, en veitir hér á einum stað dálitla yfirsýn yfir það fjölbreytta rannsóknastarf sem unnið er við Háskólann á Bifröst.

- Á árinu var gerður samningur um rannsóknasamstarf í byggða og sveitarstjórnarmálum af hálfu Háskólans og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem horft er sérstaklega til Vesturlands sem rannsóknasvæðis. Verkefnið var til eins árs, en í byrjun þessa árs voru rannsóknir á sviðinu styrktar enn frekar með samningi Dr. Margrétar Jónsdóttur Njarðvík rektors og Sigurðar Inga Guðmundssonar innviðaráðherra um stofnun rannsóknaseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum við háskólann.

- Á árinu fór In Situ verkefnið í gang fyrir alvöru, en það er fjölþjóðlegt rannsóknaverkefni um mikilvægi menningarstarfsemi fyrir atvinnusköpun í dreifbýli og er staðsett í félagsvísindadeild skólans.

- Dæmi um þverfaglega rannsóknánýsköpun er samtarf um eflingu rannsókna og kennslu í geimtengdum málefnum, en að því verkefni kemur fræðafólks úr öllum deildum skólans. Einn þeirra er Dr. Magnús Árni Skjöld sem meðfram starfi sínu á Bifröst lauk á árinu prófi í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands.

- Bæði Dr. Njörður Sigurjónsson og Dr. Arney Einarasdóttir fjölluðu á árinu um inngildinguna og fjölbreytni. Yfirskrift umfjöllunar Njarðar var: Af þátttöku, aðgengi, inngildinu og fjölbreytni. Leitin að sælubletti menningarstjórnmalanna. Yfirskrift umfjöllunar Arneyjar var: Stefnur og aðgerðir til að auka fjölbreytni í íslenskum fyrirtækjum og stofnunum - Próunin og alþjóðlegur samanburður.

- Dr. Eriður Bergmann fjallaði á árinu á málþingum bæði innanlands og utan um vopnvæðingu samsæriskenninga.

- Dr. Stefan Wendt ritstýrði bókinni **Business and Policy Solutions to Climate Change, from Mitigation to Adaptation**, en einn meginvettvangur rannsókna Stefans eru mótvægis- og aðlögunaraðgerðir vegna loftslagbreytinga og sóknarfæri til aukins vaxtar á forsendum sjálfbærar þróunar.

- Þekkingarsköpun og miðlun í áfallastjórnun eflast árinu í gegnum bæði kennslu og rannsóknir Dr. Ásthildar Elvu Bernharðsdóttur sem er fagstjóri meistaranáms í áfallastjórnun. Hún var m.a. formaður sérfræðinganefndar sem skipuð var af forsætisráðuneytinu til að taka út áfallastjórnun stjórnvalda vegna Covid-19 faraldursins.

Rannsóknasjóður Bifrastar úthlutaði á haustmánuðum styrkjum til rannsóknarstarfa fastráðins starfsfólks. Dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, hlutu styrk vegna rannsóknarverkefnisins: Áfallasaga sveitar í kjölfar sjóslyss, Dr. Erlendur Ingi Jónsson hlaut styrk vegna rannsóknar um verðsveiflur fyrir helstu hvítfisktegundir sem veiddar eru við Ísland, Dr. Njörður Sigurjónsson fékk styrk til að kanna bakgrunn og viðhorf íslenskra menningarstjórnenda til breytinga á starfsumhverfi þeirra, Dr. Stefan Wendt hlaut styrk til að hve miklu marki fjármálavörur geta verið hentugir kostir við fjármögnun á sjálfbærum og Dr. Vífill Karlsson hlaut styrk vegna verkefnisins: „Sálin í sveitinni: Hvernig er hægt að auka jákvæðan byggðabrag með aðferðafræði félags- og samfélagssálfræði?“

Í hóp fræðafólks skólans bættust m.a. á árinu Dr. Bjarni Már Magnússon prófessor við lagadeild sem um árabil hefur stundað rannsóknir á sviði þjóðarréttar, einkum hafréttarmála, Dr. Bergsveinn Þórsson dósent við félagsvísindadeild, en viðfangshefni hans eru m.a. á sviði menningar og umhverfisvísinda, nýdoktorinn Bjarki Þór Grönfeld í viðskiptadeild en hann stundar rannsóknir á sviði stjórnamálasálfræði og Dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir sem ráðin var sem deildarforseti félagsvísindadeildar.

IRIS – Icelandic Research Information System

Rannsóknasafnið IRIS var formlega opnað í Þjóðarbókhöllu um mitt árið. IRIS, sem er skammstöðun á The Icelandic Research Information System, er upplýsingakerfi sem byggir á hugbúnaðinum PURE frá Elsevier.

Kerfið sýnir rannsóknarvirkni íslenskra háskóla og stofnana sem eiga aðild að því. Með tikomu þess eykst sýnileiki, yfirsýn og aðgengi að upplýsingum um rannsóknir á Íslandi og markar IRIS því ákveðin tímamót. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn rekur IRIS, en mennta- og menningarmálaráðuneytið keypti kerfið og fól safninu yfirumsjón þess.

IRIS veitir upplýsingar um rannsóknarvirkni og samfélagslega dreifingu þekkingar sem á uppruna sinn hér á landi. Kerfið gerir notendum jafnframt kleift að skoða rannsóknarframlag einstakra stofnana, fræða-, lista- og vísindafólks sem og þátttöku þeirra í alþjóðlegu samstarfi. IRIS er upplýsingakerfi í þróun sem mun taka breytingum eftir því sem verkefninu vindur fram.

Við opnunina voru allir háskólar landsins aðilar að IRIS, ásamt Landspítala, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Stefnt er að því að allar opinberar rannsóknastofnanir verði aðilar að kerfinu innan fárra ára.

Beinn hlekkur á rannsóknargátt Háskólans á Bifröst í IRIS má m.a. nálgast á forsíðu háskólavefjarins á bifrost.is.

Samfélagsleg virkni og nýsköpun

Samfélagsþátttaka er fjórða stoðin í stefnumiðum Háskólans á Bifröst fram til ársins 2030. Á síðustu árum hafa háskólar, bæði á Íslandi og víða um evrópu verið að draga slíkar áherslur fram sem felur í sér að háskóli hefur skyldur við samfélagið og ekki síst nærumhverfi sitt.

Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla

Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðlastarf er einn hornsteinninn í framlagi Háskólans á Bifröst til virkari þátttöku í samfélaginu. Árið 2022 mótaðist af þátttöku skólans í að byggja um innviði á þessu sviði á Vesturlandi þar sem hinir ýmsu aðilar í landshlutanum taka höndum saman. Í þessum tilgangi var gengið frá stofnun annars vegar Nýsköpunarnets Vesturlands (NýVest) og hins vegar Gleipnis, nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi.

NýVest er samráðs- og samstarfsvettvangur allra þeirra aðila á Vesturlandi sem vilja tengja sig við nýsköpun og eflingu atvinnulífs í víðum skilningi. Þannig er NýVest hugsað sem net sem virki sem öflugur bakhjarl nýsköpunar á Vesturlandi en á vefsíðu netsins er skilgreiningin sett fram sem að; „Nýsköpunarnet Vesturlands er bakhjarl landshlutans í málum nýsköpunar ásamt því að tengja saman frumkvöðla og hagaðila“ (www.nyvest.is). Á nokkrum stöðum á Vesturlandi hefur byggst upp aðstaða fyrir fólk og lítil fyrirtæki í svokölluðum samvinnurýmum. Háskólinn á Bifröst tekur þátt í því og býður vinnuaðstöðu með aðgangi að því helsta sem þarf að fylgja. Gera má ráð fyrir að eftirspurn eftir slíkri vinnuaðstöðu víðsvegar fari vaxandi samhliða aukinni á áherslu í samfélaginu á störf án staðsetningar.

Gleipnir er sjálfseignarstofnun með aðsetur á Hvanneyri, stofnuð að undirlagi háskólanna á Vesturlandi, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Bifröst. Undirbúningur hófst vorið 2021 og viljayfirlýsing var undirrituð í ágúst það ár af um tíu aðilum, þar á meðal atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra sem þá var. Gleipnir var síðan formlega stofnaður á fundi sem var handin í Háskólanum á Bifröst 10. maí 2022.

Samkvæmt samþykktum Gleipnis er tilgangur setursins að leiða og byggja upp samstarf stofnaðila, stjórnvalda og annarra hagaðila þar sem lögð verður áhersla á að efla rannsóknir og hagnýtingu þeirra, stefnumótun, nýsköpun og fræðslu á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, sjálfbærni og loftslagsmála. Markmið setursins er að vera virkur þátttakandi í að ná fram markmiðum og skuldbindingum stjórnvalda á þessum sviðum. Jafnframt að stuðla að eflingu nýsköpunar og frumkvöðlastarfi á landsbyggðinni almennt og á þann hátt sem stjórn setursins ákveður.

Stofnaðilar Gleipnis eru eftirtaldir: Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Landsvirkjun, Borgarbyggð, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Háskóli Íslands, Íslandsstofa, Orkustofnun, Breið-Próunarfélag, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Hugheimar – frumkvöðla- og nýsköpunarsetur og Auðna tæknitorg. Haustið 2022 var Bjargey Anna Guðbrandsdóttir ráðin framkvæmdastjóri Gleipnis og tók hún til starfa um miðjan nóvember. Fyrsta heila starfsár félagsins verður því á árinu 2023 og eru væntingar um að með því verði skotið styrkum stoðum undir nýsköpunarstarf háskólana í samstarfi við aðra stofnaðila og fleiri svo sem stjórnvöld. Í byrjun árs 2023 var gengið frá samningi við Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið sem felur í sér fjárhagslegan stuðning við setrið og aðkomu ráðuneytisins að stjórn þess.



Námsframboð og háskólaþorpið á Bifröst

Jafnframt því að þróa samstarf útávið í tengslum við nýsköpun er háskólinn einnig að vinna að verkefnum á innra sviði námsframboðs og rannsóknarstarfs. Frekari umfjöllun um slík verkefni er í kaflanum Akadmísk starfsemi, en fullyrða má að á komandi árum muni nám og rannsóknir í auknum mæli taka mið af virkni á sviði nýsköpunar og samfélagsþróunar. Háskólinn á Bifröst hefur þegar tekið ákveðin skref í þessa veru, m.a. með uppbygginu á námi skapandi greina og undirbúningi að stofnun rannsóknarseturs á því sviði og með þróun á meistaranámi í áfallastjórnun. Slíkri nýsköpun í námsframboði fylgja áskoranir, eins og að stuðla að auknu þverfaglegu akademísku starfi. Tengsl við atvinnulífið er Háskólanum á Bifröst ekki síður mikilvægt og leitast háskólinn m.a. við að gefa nemendum kost á að fara í starfsnám hjá fyrirtækjum og stofnum. Þótt eftirspurn nemenda eftir starfsnámi hafi dregist saman er reynslan af því mjög jákvæð og eru nemendur hvattir til að nýta sér þau tækifæri sem þannig bjóðast.

Forysta til framtíðar er 12 ECTS eininga námslína við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst sem starfsfólki Samkaupa stendur til boða að taka. Námslínan er afrakstur af samstarfi háskólans og Samkaupa og geta nemendur að námi loknu fengið einingarnar metnar til grunnnáms í viðskiptafræði. Samkaup varð handhafi Menntaverðluna atvinnulífsins árið 2022 en þau eru veitt fyrirtæki sem þykja skara fram úr í færðslu- og menntamálum og er samstarfið við Samkaup gott dæmi um hvernig Háskólinn á Bifröst getur sinnt gefandi atvinnulífstengslum. Eins má nefna að Háskólinn á Bifröst hefur síðustu misseri boðið upp á nám í Háskólagátt fyrir nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál og standa vonir til þess að það megi efla enn frekar.

Sérstakt viðfangsefni sem verið hefur í umræðu síðustu missera er að bregðast við kynjahlutföllum í háskólanámi en líkt og í öðrum háskólum á Íslandi eru konur um 2/3 nemenda við Háskólann á Bifröst. Háskólinn leitar leiða til að fá fleiri karlmenn í nám við skólann m.a. með nýju námsframboði sem höfðar að einherju leyti betur til þeirra en nú er.



Aðrar áherslur í stefnumiðum Háskólans á Bifröst sem snúa að aukinni samfélagsþátttöku snúa að eflingu háskólaþorpsins á Bifröst og skapa því ný og fjölbreyttari hlutverk. Góður árangur hefur náðst í að nýta aðstöðuna á Bifröst til funda- námskeiða- og ráðstefnuhalds enda aðstæður á margan hátt ákjósanlegar til þess. Aðstæður urðu til þess að Bifröst varð á árinu miðstöð fyrir móttöku á flóttafólki frá Úkraínu. Vegna þess hafa að jafnaði verið um eitthundrað manns á Bifröst frá vorinu 2022. Háskólinn á Bifröst hefur lagt metnað sinn í að veita þessu fólki stuðning með margvíslegum hætti, m.a. að veita þeim íslenskukennslu. Umsjón með móttöku flóttafólksins hefur hins vegar verið á höndum starfsmanna frá Borgarbyggð og frá Rauðakrossi Íslands.

Á árinu hefur verið unnið að því að auka umhverfisvitund og sjálfbæran lífsstíl í háskólaþorpinu á Bifröst. Slíkt fellst ekki síst í mörgum smærri viðfangsefnum sem skila sér á lengri tíma. Eitt af því sem þarf að bæta er almenningsgangur við Bifröst og gera starfsfólk og nemendur þannig óháðari einkabílum. Háskólinn á Bifröst er aðili að viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga stjórnunarmenntun (PRME) þar sem lögð er áhersla á að mennta ábyrga leiðtoga með tilliti til samfélagsábyrgðar og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Skólinn setur sér að vinna í anda þessara viðmiða og gerir grein fyrir þeim með reglulegum hætti. Á árinu 2022 var gefin út yfirgripsmikil skýrsla um það sem áunnist hefur á þessu sviði á tímabilinu 2018-2021 og settar fram áherslur til næstu missera.

Skrifstofa rektors

Undir skrifstofu rektors fellur margvísleg stoðþjónusta eða alþjóðaskrifstofa, bóka- og skjalasafn Háskólans á Bifröst, funda- og ráðstefnuhald, gæðastjóri, mannauðsstjóri, markaðssvið og upplýsingatæknisvið.

Alþjóðaskrifstofa

Háskólinn á Bifröst leggur ríka áherslu á þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og samfélagi. Á árinu sóttu starfsmenn skólans fjölmargar ráðstefnur, innanlands sem utan, auk þess sem reglubundin nemendaskipti við erlenda háskóla voru stunduð. Er það í takt við Alþjóðastefnu Bifrastar sem leidd var í gildi á árinu 2022, en þar segir m.a. að skólinn skuli virkja alþjóðlega vídd í námi og kennslu ásamt þátttöku í rannsóknar- og þróunarstarfi við háskólastofnanir og hagsmunaaðila á alþjóðlegum grundvelli.

Fjölmenningarlegt umhverfi þreifst á háskólasvæði Bifrastar að samfara þeim hópum skiptinema sem stunduðu nám við háskólann jafnt á vor- og haustönn í bland við hópa Úkraínumanna sem dvöldu tímabundið á háskólagörðum Bifrastar. Alþjóðaskrifstofa tók jafnframt á móti fjölda gesta frá erlendum samstarfsskólum sem komu ýmist í óformlegar heimsóknir, stunduðu gestakennslu eða tóku þátt í samstarfsverkefnum.

Til að mæta breyttum þörfum nemenda við Háskólann á Bifröst vinnur Alþjóðaskrifstofa hörðum höndum að því að efla tækifæri til þátttöku í alþjóðlegu samfélagi með þróun fjarnámsskiptináms. Litið er svo á að slíkt fyrirkomulag, þar sem nemandi sækir fjarnámskeið í samstarfskóla meðfram skemmri dvöl erlendis, geti eflt nemendahóp háskólans til aukinnar þátttöku sem og stutt við það lædrómsumhverfi sem þegar er til staðar. Samkvæmt alþjóðastefnu háskólans skal sérhver námslína bjóða nemendum upp á fjarskiptinám í samstarfi við aðra fjarkennsluskóla og er sú þróunarvinna þegar hafin. Unnið er að markmiðum þessum í nánú samstarfi við aðra fjarkennsluhákóla í Evrópu á samstarfsvettvangi sem háskólinn er aðili að.

Þátttaka Háskólans á Bifröst í Evrópusamtökum fjarkennsluskóla, EADTU (The European Association of Distance Teaching Universities) hefur styrkt alþjóðastarf skólans umtalsvert, en háskólinn varð fullgildur meðlimur að samtökunum árið 2021. Síðastliðið haust sóttu fulltrúar háskólans árlega ráðstefnu EADTU sem var að þessu sinni haldin í Apenu. Ráðstefnan bar yfirskriftina: The Innovating Higher Education (I.HE) þar sem nýsköpun á sviði menntunar í alþjóðlegu og evrópsku umhverfi voru í deiglu. Þemað í ár sneri að stafrænni endurnýjun þar sem áskorandir og tækifæri tækniþróunar voru rædd, en yfirskrift hennar var Digital Reset: European Universities Transforming for a Changing World. Á ráðstefnunni báru skólarnir saman bækur sínar, mynduðu tengsl og ræddu hvernig unnt er að nýta stafrænar lausnir til að tryggja frekari gæði háskólanáms í öllum skilningu.



Bóka- og skjalasafn


Pórný Hlynsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur veitir bókasafni skólans forstöðu og er skjalastjóri.

Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta er veitt í bókasafni skólans, útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og almenn notendafræðsla.

Bókasafn Háskólans á Bifröst - Uppbygging safnkosts, notkun og önnur verkefni

Áfram var haldið að byggja upp safnkostinn en mjög hefur dregið úr kaupum á prentuðu efni.

Um mitt ár var gamla bókasafnskerfinu lokað og gögn voru flutt í nýtt kerfi, Alma frá ExLibris. Verkefnið er í höndum Landskerfis bókasafna og er samstarfsverkefni allra bókasafna á landinu. Kerfið er áfram kallað Gegnir þótt undirstöðurnar séu breyttar. Af þessum sökum er tölfræði bókfræðigagna frá síðasta ári ábótavant. Því er ekki upptalið nú fjöldi útlána eða millisafnalána eins og verið hefur. En notkun rafbóka er hægt að skoða þar sem kerfisskipti hafa ekki áhrif þar á.



Notkun og framboð rafbóka 2022

- Ákveðið var af bókasafnsnefnd að kaupa rafbókapakka frá EBSCOHost sem heitir Ebook Business Collection til reynslu í eitt ár. Eins var ákveðið var að bæta við rafbókapakka í áskrift frá ProQuest sem heitir Ebook Central Business og gagnasafninu ProQuest One Business sömuleiðis til reynslu í eitt ár.

- Þessar áskriftir voru virkjaðar í bókasafnskerfið, sjá bifrost.leitir.is en einnig er hægt að tengjast þeim með beinum hætti af vefsíðu bókasafnsins.

- Rafbókaveitan EbookCentral frá ProQuest hefur verið í notkun frá árinu 2017, þar hefur bókasafnið keypt staka titla rafbóka og í árslok 2022 var fjöldi keyptrar titla 220 og eru bækurnar virkjaðar í bókasafnskerfið til þess að þær séu aðgengilegar í gegnum Leitir.is eins og annað rafrænt efni.

- Það sýnir sig glögglega að þetta efni er bæði nýrra og meira notað en það sem keypt er í áskriftarpökkum sem útgefendur setja saman. Innlit í rafbókaáskrift að Ebook Central Business pakka voru 2.004 á árinu, en 12.721 í keyptar bækur hjá EbookCentral. Innlit í bækur í áskriftarsafni frá EBSCO (Ebook Business Collection) voru enn færri eða einungis 35 talsins.

- Notkun á rafbókum er heldur minnkandi, notkun á árinu 2022 voru 6576 lesheimsóknir (lengri en 5. mín.) en 8355 árið 2021. Heildarheimsóknir í EbookCentral voru 17.879 innlit í bækur en árið 2021 voru þau 23.406. Heildartölur innihalda fleira en bækur.

- Vinsælasta rafbókin 2022 var Cultural Policy, lesin 1289 sinnum en Practicing Servant Leadership, kemur fast á hæla hennar með 1209 innlit.


Aðgengi að rafrænu efni

- Allt rafrænt efni er IP-tölu stýrt, það þýðir að það er aðgengilegt öllum á staðarneti skólans, en notendur þurfa að virkja VPN tengingu við vafra þegar þeir eru utan skólasvæðisins. Nánari leiðbeiningar er að finna á heimasíðu bókasafnsins, www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn og upplýsingatækni sviðs.

- Allt rafrænt efni er einnig aðgengilegt í bókasafnskerfinu Gegni, sjá bifrost.leitir.is, þar geta nemendur og starfsmenn skólans skráð sig inn með rafrænum skilríkjum og nálgast rafrænt efni án þess að tengjast vafra með VPN.

Samstarfsverkefni háskólabókasafnsins 2022

- Samstarfshópur stjórnenda háskólabókasafna, tilnefni í samstarfshópa sinna safna eftir því sem þörf krefur og tekur upplýsingafræðingur skólans þátt í eftirtöldum:
 - Samstarfshópur um rafbókakaup, skoðar möguleika á auknu hagræði í sameiginlegum ritakaupum
 - Samstarfshópur um Opinn aðgang, vinnur að þátttöku í alþjóðlegri viku opins aðgangs sem haldin er árlega og viðheldur vefnum openaccess.is
 - Samstarfshópur um upplýsingalæsi, sótti um styrk í Bókasafnasjóð til að koma á fót gagnvirkum kennsluvef háskólanna um upplýsingalæsi. Styrkurinn fékkst og vonir standa til að vefurinn Upplýsingalæsi.is opni á haustmánuðum 2023.
 - Verkefnastjórn Skemmunnar, háskólarnir reka saman rafrænt gagnasafn þar sem allar lokaritgerðir skólanna eru varðveittar og gerðar aðgengilegar.



IRIS upplýsingakerfi fyrir rannsóknir


- IRIS (Icelandic Research Information System) er kerfi sem sýnir rannsóknavirkni íslenskra háskóla og þeirra stofnana sem aðild eiga að kerfinu. Töluverður tími fór í að læra á nýtt kerfi fyrir rannsóknarafurðir háskólanna, yfirfara gögn sem kerfið sækir í gagnagrunna útgefenda, leiðrétta þau og bæta við upplýsingum. Í byrjun þarf að handskrú íslenskar rannsóknir í kerfið en þegar þeirri vinnu er lokið mun IRIS gefa góða yfirsýn yfir rannsóknarvirkni háskólanna og rannsóknatengsl um allan heim.

Skjalasafn Háskólans á Bifröst 2022

- Seinni hluta árs 2022 var ráðinn upplýsingafræðingur í verktöku við að yfirfara gögn í skjalakerfinu OneCRM og skila fyrsta vörslutímabili skólans 2016-2020 til Þjóðskjalasafns Íslands. Fjöldi mála sem skilað verður eru 2.146 og fjöldi skjala 40.004, sem skiptist í 20.750 tölvupósta og 19.254 skráarskjöl.

- Nýtt skjalavörslutímabil skólans er frá 1. Janúar 2021 – til fimm ára.

- Fjöldi mála í kerfinu hefur aukist með tilkomu þjónustugáttar, fleiri mál stofnast þannig sjálfkrafa í málaskránni og eru afgreidd þar. Þetta þýðir ekki endilega bætingu í vistun skjala í málakerfið, þar sem langflest þessara erinda eru fyrirspurnir frá nemendum.



Gæðamál

Gæðastefna Háskólans á Bifröst leitast við að mæta þeim kröfum um gæði sem gerðar eru til ytra og innra mats á störfum íslenskra háskóla.

Gæðastarf við Háskólann á Bifröst er opið, gagnsætt, einkennist af gagnrýnum og framsýnum viðhorfum og felur í sér viðleitni til stöðugra umbóta. Markmiðið er að bæta og efla gæði náms, kennslu og rannsókna við háskólann og með því að bjóða upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum, sem og að tryggja gæði prófgráða frá háskólanum. Starfsemi Háskólans á Bifröst felur í sér þátttöku í Evrópska háskólasvæðinu (e. European Higher Education Area). Gæðakerfi háskólans tekur mið af leiðbeiningum sem settar eru fram í Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area. Háskólinn á Bifröst starfar eftir rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi, leitast við að uppfylla kröfur Gæðaráðs íslenskra háskóla og tekur virkan þátt í samstarfi háskóla í gæðamálum á vettvangi ráðgjafanefndar og REAC hóps gæðaráðsins.

Gæðamál hafa verið mjög ofarlega á dagskrá Háskólans á Bifröst undanfarin ár og hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða til að tryggja að gæði séu í hávegum höfð í allri starfsemi háskólans. Gæðakerfi háskólans hefur í heild sinni verið uppfært og gert aðgengilegt á innri vef, en mikilvægur liður í því ferli var að uppfæra gæðahandbækur háskólans, sem fela í sér lýsingu á sjálfu gæðakerfinu ásamt afmörkun verkefna, ábyrgðar og gildandi verklagsreglum um nám, kennslu, rannsóknir og aðra meginþætti starfseminnar. Handbækurnar eru Gæðahandbók, Nám og Kennsla, Mannauðshandbók og Alþjóðahandbók og tóku breytingar á þeim gildi árið 2022.

Gæðakerfi Háskólans á Bifröst hvílir á eftirfarandi lykilþáttum:

- Fylgir alþjóðlegum og íslenskum viðmiðum ásamt lögum og reglum um eftirlit með gæðum í háskólum.
- Inniheldur samræmdar leiðir til þess að efla gæði náms, kennslu og rannsókna.

- Inniheldur mælingar og skráningar á gæðum náms, kennslu og rannsókna. Notast er við bæði eigindlegar og megindlegar aðferðir við mælingar.
- Ýtir undir virka þátttöku nemenda, kennara, starfsfólks og utanaðkomandi aðila.
- Á að vera gagnsætt og umbótamiðað.

Unnið hefur verið töluvert umbótarstarf í gæðamálum og mörg ný verkfæri hafa verið þróuð fyrir bæði kennara og stjórnsýslu.

Lokið við QEF2:

Lokið var QEF2 (Quality Enhancement Framework second circle) ferlinu sem er annar gæðahringurinn sem er framkvæmdur hefur verið af Gæðaráði Íslenskra Háskóla. Gæðaráð íslenskra háskóla ber ábyrgð á eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla, sbr. lög nr. 63/2006 og reglur nr. 321/2009. Hvert 7 ára gæðatímabil ráðsins er kallað Quality Enhancement Framework og svo er númer bætt við sem vísar í hvaða tímabil sem upplýsingarnar eiga við. Ytra mat í QEF2 á gæðum háskólans hófst árið 2020 og kláraði Háskólinn á Bifröst eftirfylgniúttekt sem var framkvæmd í framhaldi af stofnunarúttekt gæðaráðs íslenskra háskóla í desember 2022. Úttektarhópurinn tilkynnti að lokni greiningu að hann ber traust til núverandi starfshátta og getu Háskólans á Bifröst til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir, í nútíð og til nánustu framtíðar.

Samstarf við Gæðaráð íslenskra háskóla

Í lok árs 2021 var skipt var um fulltrúa Gæðaráðs íslenskra háskóla gagnvart Háskólanum á Bifröst. Ellen Hazelkorn hefur sinnt því hlutverki undanfarin ár, en í hennar stað er nú kominn Crichton Lang, fyrrverandi rektor University of the Highlands and Islands í Skotlandi. Crichton Lang hefur veitt Háskólanum á Bifröst mikilvægan stuðning í því að ljúka ytri mati skólans í gegnum QEF2 og voru samskipti í tengslum við það starf nán á árinu. Árlegur fundur með fulltrúm Gæðaráðsins fór fram 16. maí 2022.

Umbótastarf fagstjóra

Fagstjóri námslínu er nýtt hlutverk sem tekið var upp á árinu 2022 við Háskólann á Bifröst. Fagstjórar fara með gæðaeftirlit, hver innan sinnar námslínu hvað varðar inntak og viðeigandi innihald námskeiða og fræðilegar kröfur. Þessa faglegu forystu fara fagstjórnir með í nánú samstarfi við deildaforseta, kennara, nemendur og stoðþjónustu skólans, m.a. með það fyrir augum að efla gæðamál innan deildar. Þá halda þeir jafnframt árlegan rýnihóp með nemendum innan hversar námslínu m.t.t. mögulegra tækifæra til umbóta hverju sinni. Alls eru 19 fagstjórar starfandi við háskólann.

Gæðaþjálfun fulltrúakosinna nemanda

Unnið hefur verið markvisst með Nemendafélagi Háskólans á Bifröst að því að finna leiðir til aukinnar þátttöku nemanda í gæðastarfi háskólans. Haldin var árleg gæðaþjálfun fulltrúakosinna nemanda, sem ætlað er að efla hagsmunagæslu og réttindaeftirliti á þeirra vegum og virkja nemendafulltrúa í nefndum og ráðum skólans. Stjórn nemendafélagsins tók afar virkan þátt í að vinna með stoðþjónustu og einstökum deildum háskólans að framgangi gæðamála.

Matsþættir og símat gæðamála

Gæðaeftirlit hvílir að miklu leyti á reglulegum úttektum, mælingum, umbótaáætlanagerð og eftirfylgni. Gagnasöfnun fer fram samkvæmt „Operational Calendar“ sem er samstarfsverkefni gæðastjóra, kennslustjóra og þjónustustjóra upplýsingatækni. Útfærsla þess er uppfærð á hverju ári. Í skjalinu er skilgreint hvaða gögn skuli tekin út úr kerfinu, hvenær á árinu og hverjum beri að leggja mat á þau. Þá eru ýmiss konar gögn tekin saman fyrir ytri aðila, s.s. Hagstofu Íslands, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, Byggðastofnun o.fl. Gagnasöfnun er samstillt með fundum framkvæmdastjórnar háskólans, sem fær fyrirfram ákveðna tölfraði fyrir hvern fund til þess að tryggja að símat fari fram á gæðum starfsins.

Í félagsvísindadeild var lokið við gæðamat námsleiða fyrir HHS námslínuna á vori 2022.

Haustið 2022 fóru af stað verkefnahópar í bæði viðskiptadeild og lagadeild sem vinna að gæðamati námsleiða fyrir allat framhaldsnám í hvorri deild. Þeir verkefnahópar eru enn starfandi 2023.

Endurskoðun á Stefnumiði 2030

Samhliða Stefnumiði 2030 var mótuð Verkefnaáætlun 2021-2024 sem snýr að framkvæmd og raungeringu stefnumiða. Áætlunin er endurskoðuð á hverju ári m.t.t. umbótaáætlana, breytinga og þróunar. Fyrir hverja endurskoðun liggur fyrir tölfraði, kannanir og árskýrsla fyrrverandi kennsluár. Fyrsta endurskoðunin á þeirri verkefnaáætlun fór fram í byrjun september 2022, á starfsdegi framkvæmdastjórnar. Yfirferð framkvæmdastjórnar leiddi í ljós að Háskólanum á Bifröst miðar vel áfram í framkvæmd stefnumiða. Þá var heimsmarkmiði 13, aðgerðum í loftslagsmálum, bætt við þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem háskólinn leggur áherslu á, en þau snúa að menntun, jafnrétti kynjanna, sjálfbærni, nýsköpun og réttlæti og mynd með einum eða öðrum hætti grunnþætti í námskrá háskólans.

Viðmiðunarstarf

Unnið var áframhaldandi að viðmiðunarstarfi við háskóla innanlands og utan og fór starfsmenn í stjórnýslu háskólans tvisvar í slíka heimsókn innanlands til þess að fræðast um nálgun annarra háskóla í stjórnýslu. Mikil ánægða var með heimsóknirnar þar sem samstarf, tengslanet og hugmyndaskipti háskóla á milli eru afar mikilvægur liður í öll umbótastarfi.

Meirihluti framkvæmdastjórnar sótti árlega ráðstefnu í Athenu í nóvember 2022 á vegum The European Association of Distance Teaching Universities (EADTU), sem er leiðandi afl varðandi fjarkennslu í Evrópu, þar sem fjarkennslu háskólar í Evrópu bera saman bækur sínar og ræða lausnir á sameiginlegum áskorunum í fjarkennslu á háskólastigi. Þátttaka í slíku samstarfi er gríðarlega mikilvægt fyrir eflingu fjarnáms við skólann.

Gæðastjóri Háskólans á Bifröst er Lydía Geirsdóttir.

Mannauður

Árið 2022 var ár breytinga í samræmi við áherslur í gæðamálum og ár aðlögunar í kjölfar Covid. Fyrstu mánuðir ársins einkenndust áfram af takmörkunum á samveru tengdum sóttvarnaráherslum, en eins og fyrri Covid árin naut skólinn sérstöðu sinnar og reynslu af fjarkefnslu og fjarvinnu. Það er þó ljóst að skortur á möguleikum til samveru hafði áhrif í starfsumhverfinu, og síðari hluta ársins og í byrjun 2023 var því lögð áhersla á að skapa tækifæri fyrir starfsfólk til að hittast í persónu og tengjast á ný, bæði á Bifröst og í hinni nýju starfsstöð skólans í Borgartúni, sem tekin hafði verið í notkun undir árslok 2021. Í tengslum við endurgerð mannauðshandbókar skólans var staðfest að störf í akademíu við háskólann eru störf án staðsetningar. Áhersla er á að starfsfólk sem ekki er skilgreint með fasta starfsstöð hefur ábyrgð að viðhalda samskiptum og tengingu við höfuðstöðvar.

Gerður var samningur við Vinnuvernd í upphafi ársins og var boðið upp á heilsutengdan skoðanir, bólusetningar og annan heilsutengdan stuðning.

Fyrri hluti ársins einkenndist einnig af töluverðum breytingum í starfshópnum, bæði í hópi fastráðins starfsfólk og stundakennara. Auglýstar voru fimm fastar akademískar stöður, þrjár í félagsvísindadeild, ein í viðskiptadeild og ein í lagadeild í samræmi við þær áherslur í gæðamálum skólans að fjölga föstum akademískum stöðum. Deildarforseti félagsvísindadeildar snéri sér aftur að fræðastörfum að fullu og ráðinn var nýr deildarforseti deildarinnar. Einnig voru breytingar og tilfærslur í hópi stjórnáslustarfsfólks og komu sex nýir starfsmenn í stoðþjónustustörf. Var mjög ánægjulegt að sjá áhugann á auglýstum störfum hjá háskólanum og gleðilegt að geta boðið velkomið til starfa öflugt starfsfólk í kraftmikinn hóp Bifrarstarfsfólks.

Í fræðslupemum ársins var hórft til þess að styrkja og efla einstaklinga og samstarf í kjölfar Covid, en einnig var lögð áhersla á að starfsfólk deildi fagþekkingu sinni og reynslu með samstarfsfólki til að styrkja þjónustu við nemendur. Nýjung á kennsluviði í formi örnámskeiða mældist sérstaklega vel fyrir að þessu leyti.

Endurgerð mannauðshandbókar var staðfest í nóvember, en yfirferð og endurnýjun gæðahandbókar var eitt af meginverkefnum ársins. Jafnframt var unnið að gerð og endurnýjun verklags í öllum helstu þáttum mannauðsþjónustu skólans. Mannauðshandbók var unnin af mannauðsstjóra með aðkomu, yfirlestri og ábendingum framkvæmdastjórnnar og háskólaráðs. Hún var svo kynnt fyrir starfsfólki á fundum með starfseiningum í nóvember og desember. Gert er ráð fyrir að handbókin sé lifandi skjal og muni þróast í takti við ábendingar eftir því sem reynsla kemur á verkferla og verklag. Handbókin myndar gæðaramma utan um mannauðsstarf skólans, en jafnframt er ávallt horft til þess að til staðar sé sveigjanleiki svo mæta megi ólíkum þörfum einstaklinga.

Jafnlaunavottun skólans sem er á ábyrgð fjármálaskrifstofu var staðfest í þriðja sinn, og jafnframt ákveðið að horfa til rýni jafnlaunastaðals skólans á árinu 2023.

Aukin gæðaáhersla skólans í mannauðsmálum sést m.a. í því að starf mannauðsstjóra sem skilgreint hafði verið í 50% starfshlutfalli var aukið í 80% starfshlutfall á árinu og mannauðsstjóri tók sæti í framkvæmdastjórn skólans.

Í árslok 2022 var fjöldi fasts starfsfólks við Háskólann á Bifröst alls 66, en var 61 í árslok 2021. Heildarstöðugildi í lok árs 2022 voru 54,2 og endurspeglar það að tæpur þriðjungur fasts starfsfólks var í hlutastarfi og er stærrí hluti þess hóps í akademískum störfum. Meðalaldur starfshópsins er 48,8 ár. Ánægjulegt er að aldersbreidd í starfshópnum er töluverð – yngsta fastráðið starfsfólk skólans var 28 ára, en þau elstu 67 ára. Af föstu starfsfólki voru 60,6% konur en 39,4% karlar. Áfram var mikill meirihluti starfsfólks í stjórnáslu konur (77,4%). Kynjahlutföll í akademíu voru jafnari, en þar voru 54,3% karlar, 45,7% konur. Áherslur skólans í tengslum fræða og framkvæmdar sést vel öflugum hópi stundakennara skólans en á árinu kenndu um 80 stundakennarar námskeið við skólann.

Lykiltölur í árslok 2022

	Fjöldi fastra	Stöðugildi	Konur %	Karlar %
Háskólaskrifstofa	26	22,4	84,6%	15,4%
Fasteignaþjónusta (án Kiðár)	5	4,8	40%	60%
Fast akademískt starfsfólk	35	27	45,7%	54,3%
Heild	66	54,2	60,6%	39,4%



Markaðssvið

Markaðssvið Háskólans á Bifröst heldur utan um markaðs- og samskiptamál skólans. Undir markaðs- og samskiptamálum eru m.a. heimasíða, samfélagsmiðlar, hönnun markaðsefnis, ljósmyndir, gerð myndbanda og útgáfa fréttabréfs. Einnig heldur markaðssviðið utan um ýmsar kynningar eins og Háskóladaginn, jafnréttisdaga og kynningar í framhaldsskólum. Síðla árs 2021 var markaðsráð Háskólans á Bifröst sett á fót, en því er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur innan háskólans í markaðsmálum og samskiptastjórnun. Í ráðinu eiga sæti auk starfsmanna sviðsins rektor, deildarforsetar félagsvísindadeildar, lagadeildar og viðskiptadeildar og endurmenntunarstjóri. Haldnir voru þrjár fundir á árinu, þar sem áætlanir í markaðsmálum voru ræddar ásamt árangursviðmiðum. Á meðal helstu verkefna var áframhaldandi vinna við að styrkja faglega innviði markaðsstarfsins. Þá voru fyrstu hlaðvörp Háskólans á Bifröst framleidd í samstarfi við Félagsvísindadeild. Var þessi fyrsti útgáfuflokkur nefndur Hrilfan og annaðist dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon ritstjórn. Við sviðið starfa James Einar Becker markaðsstjóri og Helgu Guðrúnu Jónasdóttur samskiptastjóra. Þá er Atli Björgvinssonar markaðsráðgjafi í hlutastarfi við sviðið.



Finndu leiðtogann í þér

Meistaránám í forystu og stjórnun
í vinnuvænu fjarnámi



Umsóknarfrestur
er til 10. desember



Meistaránám í markaðsfræði

MS gráða í markaðsfræði veitir þér heildstæða þekkingu á faglegri stjórnun markaðsstarfs



Umsóknarfrestur
er til 10. desember

Meistaránám í forystu og stjórnun
með áherslu á verkefnastjórnun



Umsóknarfrestur
er til 10. desember



Taktu upp þráðinn

Sveigjanlegt fjarnám við
Háskólann á Bifröst



Umsóknarfrestur
er til 10. desember



Meistaránám í forystu
og stjórnun með áherslu
á verkefnastjórnun



Umsóknarfrestur
er til 10. desember

Fjármála- og rekstrarsvið

Fjármála- og rekstrarsvið heldur utan um fjármál háskólans, innheimtu, launamál og almenna fjármálastjórn. Undir sviðið heyrir einnig húsnæðissvið sem heldur utan um útleigu og viðhald á húsnæði.

Um áramótin lét Hafsteinn Sæmundsson af störfum fyrir aldurs sakir eftir sjö ára starf sem fjármála- og rekstrarstjóri háskólans. Niðurstaða hæfnisnefndar var að ráða Margréti Vagnsdóttur, en nokkur fjöldi umsækjenda var um starfið. Magrét hafði þá starfað á fjármála- og rekstrarsviði háskólans undangengin fimm ár og óhætt er að fullyrða að hún sé öllum hnútum kunnug í rekstri háskólans.

Starfsmenn á fjármálasviði voru Guðrún Ólafsdóttir, en hún tók við starfi aðalbókari og launafulltrúi í marsbyrjun og Elín Davíðsdóttir, sem var um svipað leyti ráðin innheimtufulltrúi. Þess má geta Elín sneri aftur til starfa eftir nokkurra mánaða fjarveru, en hún gengndi áður starfi þjónustustjóra. Þá var Eva Benedikts Días umsjónarmaður húsnæðis lungann úr árinu, en hún tók hún við starfinu af Vigni Má Sigurjónssyni þann 1. mars. Þær breytingar voru jafnframt gerðar á árinu að starf umsjónarmanns húsnæðis færðist til fasteignafélagsins Kiðar ehf.


Starfsmenn viðhaldsdeildar voru sex að meðtöldum Guðjóni Fr. Jónssyni, umsjónarmanni fasteigna og deildarstjóra. Aðrir starfsmenn deildarinnar voru Rolando Diaz, Johnny Nielsen, Ævar Rafn Kjartansson, Grace Waswi og Esnart Kapolyo. Sinntu tveir síðasttöldu starfsmennirnir ræstingum.

Lykiltölur úr rekstri Háskólans á Bifröst

Hagnaður af rekstri Háskólans á Bifröst á árinu 2022 var 38,6 m.kr. samanborið við 191,7 m.kr. árið 2021. Eigið fé í árslok 2022 var jákvætt um 176,8 m.kr. en var 138,2 m.kr. árið 2021. Stór skref hafa verið stigin til þess að ná stöðugleika í fjármálum skólans. Svigrúm hefur myndast til niðurgreiðslu skulda, fjárfestinga, átaks í viðhaldi og endurbótum eigna.

Tekjur af skólagjöldum námu 574,2 m.kr. á árinu 2022 og lækkuðu frá fyrra ári um 27 m.kr.. Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliður skólans. Hækkun launakostnaðar um 107,5 m.kr. á milli ára stafar m.a. af auknum nemendafjölda, markvissri fjölgun fastra akademískra starfsmanna, nýjum stöðugildum í stjórnýsly og starfsmannaveltu. Fjármálastjórn skólans hefur verið í höndum Margrétar Vagnsdóttur sem tók við starfinu í ársbyrjun 2022.

Yfirlit yfir þróun tekna, skulda og hagnaðar hjá Háskólanum á Bifröst á árunum 2016 til 2022



Húsnæðisþjónusta

Á Bifröst eru nú 156 íbúðir í heildina, þar af 18 starfsamannaíbúðir í Jaðarseli og 13 söluíbúðir.

Borgarbyggð fékk á árinu afnot af síðartöldu íbúðunum vegna móttöku á flóttafólki frá Úkraínu, en sveitarfélagið kom sem kunnugt er á laggirnar móttökustöð fyrir flóttafólk, sem er að stærstum hluta staðsett á Bifröst. Aðdragandi þess var sá, að leitað var til háskólans og óskað eftir húsnæði sem skammtímaúrræði fyrir fólk á flotta frá Úkraínu, en hver einstaklingur getur dvalið alls 12 vikur í móttökustöðinni. Í fyrstu sömdu Ríkiseignir um leigu á 69 herbergjum og 15 íbúðum eða frá miðjum mars. Um miðjan ágúst var svo gerður nýr samningur og gildir sá til 1. ágúst 2023. Fækkaði íbúðum við það nokkuð eða niður í 31 herbergi og 31 íbúð. Aðstaða sem hafði rúmað allt að 130 flóttamenn fór við þessar breytingar niður í um 100 manns. Í lok ársins voru í hópi flóttafólksins um 35 börn, þar af 10 leikskólabörn.

Staðlotur eru mikilvægur liður í fjarnámi við Háskólann á Bifröst, en þá fara fram námskeið og fyrirlestrar á Bifröst ásamt öðru námstengdu starfi, að félagslífi námsmanna ógleymdu. Staðlotur fara fram átta sinnum á ári og býðst þá nemendum að gista á nemendagörðum í Bolla- og Vallarkoti. Þar eru 42 einstaklingsherbergi og eru þau yfirleitt fullnýtt á öllum staðlotum.

Eva Benedikts Diaz er umsjónarmaður húsnæðis.



Viðhaldsdeild

Að vanda var í mörg horn að líta hjá viðhaldsdeild og voru verkefni bæði mörg og margvíslega, eins og gera má ráð fyrir þegar halda verður fjölbreyttum húsakosti við, að innan jafnt sem utan, auk þess sem viðhaldsdeildin hugar einnig nánasta umhverfi og gróðri staðarins.

Á árinu fóru fram talsverðar framkvæmdir á skólahúsnæðinu. Var á vormánuðum reistur vinnupallur upp með veggjum gamla íþróttasalarins, Aðalbóls. Þakið var rífið af og endurnýjað sem og þakkantar og rennur. Skipt var um nokkrar rúður í glugga Aðalbóls, hann málaður að utan og innan og gólfið endurnýjað með 12mm krossviði, sem var skrúfaður niður á „íþróttagólfið“. Ofan á það var svo lagt vínlparket og viðarolía borin á alla timburklæðningu í salnum.

Eftir ítrekaðar tilraunir með að opna frárennislagnir úr snyrtingum í Félagslífi í elsta hluta skólahúsnæðisins, og án árángurs, var leitað til Sindra í Sigurgörðum, sem kom og gróf upp lagnir. Var það gríðarmikið verk.

Um svipað leyti voru gerðar talsverðar umhrókeringar í skrifstofumálin stjórnsýslunnar, er kennslusvið flutti af rektorsgangi og niður í gömlu aðalskrifstofu og bókasafnið á lðavelli.

Í Hreinsun hefur aðstöðu verið nánast umbylt. Á Hreinsunargangi voru útbúnar sjö skrifstofur með aðstöðu fyrir samtals 14 manns og eitt fundarherbergi, auk þess sem ein sjö svefnherbergi hafa verið innréttuð á ganginum. Auk þess sem kennarar nýta þessa aðstöðu gjarnan á staðlotum, er hún einnig nýtt af gestkomandi fræðimönnum og starfsfólki stjórnsýslunnar til skemmri dvalar.

Á árinu var sett upp öryggis- og aðgangsstýrikerfi. Kerfið er einfalt og aðgengilegt notkun, þar sem það gerir ráð fyrir að starfsmenn fari ferða sinna með því að bera farsíma sinn upp að skynjurum. Vandamál gerðu þó fljótlega vart við sig varðandi fulla virkni kerfisins og unnu framleiðendur þess hörðum höndum að finna lausn á vandanum.

Eldhúsið sem áður þjónaði Hótel Bifröst var tekið í notkun á árinu og keypt voru inn í það þau tæki sem vantaði. Eldhúsið var gert upp vegna viðburða sem krefjast veitinga, s.s. vegna hátíðarkvöldverða nemenda og funda- og ráðstefnuhalds ýmiss konar.

Sérstakt stúdíóherbergi var innréttað á árinu í lausu rými í Helvíti. Hljóðvistarplötur voru klæddar á vegg, festar brautir í loft með ljóskösturum og efnismiklar gardínur og tjöld sett upp sem hægt er að færa til eftir þörfum auk upptökubúnaðar og myndavéla. Þá var lagt parket á gólf, svo að helstu verkþættir séu nefndir.

Þá var endursmíðaður hurðafrentur þar sem gengið er inn í líkamsræktina á Bifröst og aðstaðan glerjuð uppá nýtt.

Í Himnaríki bar helst til tíðinda að skrifstofa var útbúin þar fyrir Stefan Went, deildarforseta Viðskiptadeildar.

Síðast en ekki síst voru ráðin voru fjögur ungmenni til að sjá um slátt og garðahirðingu um sumarið. Einnig var hluti af stéttum hreinsaðar og greinar klipptar, auk ýmissa verkefna sem gripið var til þegar ekki hægt að slá sökum úrkomu.

Guðjón Fr. Jónsson er umsjónarmaður fasteigna.



Kennslu- og þjónustusvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu og heildarþjónustu við nemendur, kennara og annars starfsfólks skólans. Meðal verkefna sviðsins er umsjón með kennslukerfum, nemendaskrá skólans, útskriftum, móttöku umsókna, útgáfu vottorða eða annarra staðfestinga vegna náms, mati á fyrra námi, umsýslu vegna lokaritgerða, framkvæmda lokaprófa, náms og starfsráðgjöf og umsjón með starfsnámi svo nokkur verkefni séu upptalin. Starfsmenn kennslusviðs sjá einnig um mikilvæga þætti í skólastarfinu eins og framkvæmd kennslumats og skipulagningu á vinnuhelgum. Eins er skipulag skólaársins, lotuskiptingar og þróun kennsluhátta á ábyrgð sviðsins.

Á árinu 2022 urðu eftirfarandi breytingar á starfsmannahópi og skipulagi sviðsins. Nýr náms- og starfsráðgjafi tók til starfa sem og kennsluráðgjafi. Ný staða fyrir verkefnastjóra náms- og kennsluskrár var stofnum og við það færðist verkefnastjóri grunnnáms félagsvísinda og lagadeildar til í starfi, því kom einnig nýr starfsmaður inn í þá stöðu. Ákveðið var að halda ekki áfram með 30% tímabundna stöðu í Borgartúninu. Kennslusvið fluttist niður á fyrstu hæð fyrir aftan þjónustuborðið þar sem bókasafnið var áður og eru allir starfsmenn kennslusviðs og upplýsingatæknisviðs nú með aðsetur þar. Sú breyting hefur eflit hópinn til muna og bætt samskiptaleiðir.

Kennslu- og nemendaskráarkerfi

Innleiðing Canvas, Inspera og Uglu er nú lokið þó að ávalt verði áfram unnið að breytingum og bætingum í kerfunum. Nú tekur við ferli þar sem viðbætur við kerfin verða skoðuð og hvernig hægt er að bæta við tækjum og tólum til að styrkja fjarnám enn frekar. Canvas er kennslukerfi skólans en þar fara öll samskipti kennara og nemenda fram vegna kennslu í áföngum. Canvas hefur reynst mjög vel og býður það upp á mikla möguleika í kennslu, uppsetningu á verkefnum og einkunnagjöf. Mikil þróun er á kerfinu sem kemur sér vel og mikilvægt að skólinn fylgi þeirri þróun fast eftir inn í kennsluumhverfið

Enn er nokkuð töf á því að Uglu virki eins og skyldi fyrir okkar umhverfi en þó hefur margt til betri vegar færst og handavinna minnar með hverju árinu. Ákveðnir þættir hafa tekið mikinn tíma og orku frá starfsfólki og krafist óþarflega mikillar handavinnu

Inspira er prófakafi skólans en það kerfi talar við Ugluna og Canvas.

Kennarar hafa fjölbreyttar leiðir til þess að taka upp efni, eftir því sem þeim finnst þægilegast, hægt er að nota Camtasia, sem er fullkomið upptöku og myndvinnsluforrit, og síðan eru upptökukerfi innbyggð bæði í Studio og Echo360 kerfin. Gert hefur verið átak í að útvega kennurum fullkomnari búnað til þess að taka upp hljóð í betri gæðum og hefur það skilað aukinni ánægju nemenda.

Á árinu hófst vinna við að koma upp upptökuverum bæði á Höfuðborgarsvæðinu og á Bifröst. Eftir þó nokkra undirbúningsvinnu var staðsetning í Hafnarhúsinu fyrir valinu annarsvegar og hinsvegar í Helvíti á Bifröst. Undirbúningshópurinn stóð sig með mikilli þryði og verða verin bæði tekin í notkun á árinu 2023

Háskólinn á Bifröst, notar eins og aðrir háskólar landsins, Turnitin hugbúnað til að aðstoða nemendur í meðferð heimilda og við skrif lokaverkefna. Kerfið tekur við öllum lokaverkefnum og fjölda verkefna, ber saman við fyrri skil nemenda og gefur skýrslu um heimildarnotkun.

Kennsla og ráðgjöf

Árið 2022 er árið sem Covid var á undanhaldi, við fórum þó ekki varhluta af því þegar öllum höftum létt af fjöldatakmörkunum og öðru og veikindahrina fór af stað í febrúar og mars meðal nemenda og starfsfólks. Staðlotur fóru af stað aftur en fyrsta lota vorannar var erfiðar vegna veðurs og þurfti að blása aðra af en fámennt var á hinni. Lotu 2 og sumarönn voru hinsvegar léttari, engar fjöldatakmörkanir og fólk almennt ánæggt með að mega koma og hittast aftur. Útskriftir í febrúar og júní voru með hefðbundnum hætti, vel mætt og stórir útskriftarárgangar sem útskrifuðust. Haustið fór vel af stað og var ágætis mæting á staðlotur. Nýr kennsluráðgjafi fór af stað með örnámskeið fyrir kennara sem hafa mælst vel fyrir. Námskeiðin eru haldin af starfsfólki og kennurum skólans um efni líðandi stundar t.d. breytingar á kerfum, einstökum þáttum innan kennslunnar eins og matskvarðar, jafningjamat og gerð kennsluefnis svo fátt eitt sé nefnt og atriðum sem snúa að stjórnsýslunni svo sem handbækur, reglugerðir og fleira.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi var í 100% starfshlutfalli. Elfa Huld Haraldsdóttir starfaði til 1. September og hóf Helga Rós Einarsdóttir störf 8. ágúst og tók við starfinu.

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Náms- og starfsráðgjafi starfar í þágu nemenda og gætir hagsmuna þeirra, þjónustan er einstaklingsbundin og fer fram í trúnaði. Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að vellíðan nemenda, efla færni þeirra og sjálfsþekkingu til að ná sem bestum árangri í námi og aðstoða þá við að finna áhuga sínum og hæfileikum farveg. Náms- og starfsráðgjafi aðstoðar nemendur að finna leiðir þegar upp koma áskoranir sem geta haft áhrif á námsframvindu og vellíðan þeirra í námi. Hann veitir nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval, leiðbeinir um skipulögð vinnubrögð í námi, hefur umsjón með sérúrræðum og spornar gegn brotthvarfi með markvissum aðgerðum.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Þegar leið á vorönn 2022 dró úr áhrifum covid, þrátt fyrir það virðist tölvupóstur, símtöl eða rafræn ráðgjöf vera sú leið sem flestir nemendur kjósa en þó voru nokkur staðviðtöl. Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í kynningum, var með rafræna fræðslu, og nýtti póst og Uglu til að koma upplýsingum á framfæri. Árið 2022 bárust 1037 erindi samkvæmt skráningu: 255 viðtöl og 782 erindi í pósti. 697 erindi bárust á vor- og sumarönn og 340 á haustönn.

Námskeið á vegum náms- og starfsráðgjafa

Haustið 2022 var nemendum boðið upp á fjögur klukkustundar löng námskeið í námstækni. Námskeiðin voru haldin á Teams. Boðið var upp á námskeið í markmiðasetningu og tímastjórnun, lestrar- og glósutækni og svo voru tvö námskeið um prófaundirbúning, próftöku og prófkvíða. Þátttaka í námskeiðunum var góð. 92 skráningar bárust og 56 nemendur tóku þátt í námskeiðunum.

Hópráðgjöf fyrir nemendur í lokaritgerðarskrifum (BA/BS)

Nemendum sem hófu skrif á lokaritgerðum til bakklárgráðu á haustönn var boðið að taka þátt í stuðningshópi undir stjórn náms- og starfsráðgjafa. Aðalmarkmiðið var að nemendur skiluðu fullkláraðri ritgerð á réttum tíma. Af þeim átta nemendum sem skráðu sig til leiks, skiluðu sjö inn fullkláruðu verki. Sá áttundi skilaði frestum fram á vor.



Upplýsingatæknisvið

Upplýsingatæknisvið var stofnað í desember 2021 með það að markmiði að samhæfa rekstur tæknibúnaðar, kerfa og þjónustu. Í upphafi voru starfsígildi tvö og hálf sem var hækkað í þrjú starfsígildi í ágúst. Starfsmenn sviðsins eru Auðbjörg Jakobsdóttir áður á kennslusviði, Sigurður Kristófersson áður á rekstrarsviði og Leifur Finnbogason í 50% starfi en í ágúst lét Leifur Finnbogason af störfum á sviðinu og nýr starfsmaður, Bernharður Guðmundsson hóf störf í 100% starfi.

Helstu verkefni sviðsins eru rekstur tæknibúnaðar, kerfa og þjónusta

- Rekstur á innviðum tæknibúnaðar fyrir Háskólann á Bifröst
- Rekstur á kerfis- og skýjalausnum
- Rekstur á tæknibúnaði í tengslum við kennslu, kennslustofur og upptöku á kennsluferni og streymi á viðburðum
- Samskipti og samningar við birgja og þjónustuaðila vegna hugbúnaðar- og upplýsingatækni kerfa
- Rekstur þjónustuborðs sem veitir tæknilega aðstoð fyrir nemendur og starfsfólk skólans
- Nýsköpun og þróun á hugbúnaði og tækni í samvinnu við önnur svið skólans þar sem upplýsingatæknikerfi styðja við sjálfvirknivæðingu, einföldun ferla og kennslufræðilega nálgun
- Gæðaeftirlit upplýsingatæknikerfa og þjónustu í samræmi við settar stefnur. Stefnur voru gerðar fyrir sviðið á árinu og verða innleiddar á næsta ári.

Á árinu var lögð áhersla á aukið netöryggi, gæðastarf og samhæfingu á þjónustu. Eldveggur, netbeinar og netþjónar voru endurnýjaðir og búið er að færa flest allar auðkenningar og þjónustur eins og prentþjónustu yfir í skýið sem hefur minnkað umsvif tæknibúnaðar á Bifröst og aukið öryggi. Mikil endurskipulagning var gerð á tengingum og búnaði í netþjónaherbergi og unnið að endurbótum á þjónustu og tækjabúnaði í fundarherbergjum og skólastofum Ný loftkæling var sett upp í netþjónaherbergi og umsjón með hitastigi og raka var bætt. Innleidd var skipulögð meðferð þjónustubeiðna og allar beiðnir um þjónustu fara núna í gegnum eitt netfang og voru 1778 beiðnir afgreidda á árinu. Fjölþátta auðkenning var innleidd til að auka aðgangsoöryggi.

Nýtt greiðslukerfi var tekið í notkun og er nú fjárhaldskerfi og nemendaskráningarkerfi samtengd. Einnig hefur verið unnið að nýju umsóknarkerfi fyrir umsóknir í námskeið í endurmenntun sem verður tekið í notkun 2023.

Stefnur voru gerðar fyrir sviðið á árinu og verða innleiddar á næsta ári.



Hollvinasamtök Bifrastar

Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda og annarra þeirra er bera hag Háskólans á Bifröst fyrir brjósti og styðja við uppbyggingu og skólastarf á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn háskólans og fulltrúaráð. Hollvinasamtökin eru með heimasíðu á hollvinasamtök.bifrost.is. Þar má finna allar helstu upplýsingar um samtökin. Einnig halda samtökin úti félagasíðu á Facebook.

Á starfsárinu stóðu hollvinasamtökin í samvinnu við Háskólann á Bifröst og Samband íslenskra samvinnufélaga fyrir ráðstefnu um Samvinnustarf í nútíð og framtíð í tilefni þess að 120 ár voru liðin frá stofnun Sambands íslenskra samvinnufélaga. Ráðstefnan var haldin í Hriflu, aðalsal Háskólans á Bifröst og var vel sótt. Við þetta tilefni var Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi skólastjóra og rektors Háskólans á Bifröst einnig minnst með erindum tileinkuðum störfum hans. Ráðstefnan hófst með hátíðarávörpum Lilju D. Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra og Hannesar Karlssonar, stjórnarformanns Sambands íslenskra samvinnufélaga. Aðalfyrirlesari var Jon Altuna, vararektor Mondragón háskólans á Spáni, en hann fjallaði um samvinnufélög þar í landi og Mondragón háskólann sem einnig er samvinnufélag.

Á undangengu starfsári studdu hollvinasamtökin sem kunnugt er útgáfu bókarinnar Nemandi minn, sem inniheldur að uppistöðu til áhugaverðar skólaslitaræður Guðmundar Sveinssonar, fyrrum skólastjóra Samvinnuskólans. Fyrirhugað er að Samband íslenskra samvinnufélaga standi að útgáfu bókar um samvinnustarf sem Jón Sigurðsson hafði að mestu lokið við þegar hann lést og munu hollvinasamtökin munu styðja það verkefni með ráðum og dád á komandi starfsári.

Á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar 2014 var stofnaður Hollvinasjóður Bifrastar. Megintilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að efla og auka veg háskólans, m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna. Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins var viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu. Fjáröflun ræður hverju sinni hvað skuli framkvæma næst, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur. Á starfsárinu sendi Hollvinasjóðurinn út sem fyrr valkvæða gíróseðla á félagi í Hollvinasamtökunum. Þá veitti sjóðurinn 400 þús.kr styrk á árinu til forvörslu á vegglistaverkinu Vogleði, sem skreytir einn vegginn í skólahúsnæðinu Félagslífi á Bifröst.

Það er trú samtakanna að öflug hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur öllum Bifrestingum, bæði þeim sem nú stunda nám við skólann og þeim sem hafa brautskráðst. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Auk þessa þarf að halda tengslanetinu við og er það best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl.

Í stjórn Hollvinasamtaka Bifrastar sátu eftirtaldir á árinu 2022:

Aðalfulltrúar:

Gissur Pétursson, formaður tilnefndur af rektor
Anna Ólöf Kristjánsdóttir
Erla Björg Eyjólfsdóttir

Varafultrúar:

Hallur Jónasson
Þórdís Sif Sigurðardóttir

Fulltrúi hollvinasamtakanna í stjórn Háskólans á Bifröst var Leifur Runólfsson.

Í stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar eru:

Aðalfulltrúar:

Bergþór Guðmundsson, formaður
Margrét Vagnsdóttir, ritari
Helgi Hróðmarsson, gjaldkeri

Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Nemendafélag háskólans á Bifröst fékk andlitslyftingu á árinu. Lög félagsins voru endurskoðuð og uppfært útlit leit dagsins ljós. Vinna hófst við að endurvefja undirfélögin Justitia – félag laganema, Merkúr – félag viðskiptanema og Verus – félag félagsvísindanema.

Þar að auki stóð nemendafélagið fyrir fjölmörgum viðburðum á námsárinu, og var áhersla lögð á að hafa breytilegt framboð af viðburðum svo allir bifrestingar gætu fundið eitthvað sér við hæfi, óháð aldri, búsetu eða fjölskylduhögum. Sem dæmi var haldinn fjölskyldudagur í húsdýragarðinum, kennsla í ferilskráagerð og LinkedIn, vísindaferðir hjá fyrirtækjum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni og að sjálfsgöðu kvöldskemmtanir í Vikrafelli á staðlotum og vel heppnuð árshátíð í Reykjavík.

Í stjórn nemendafélagsins eru Embla Líf Hallsdóttir forseti, Björgvin Þór Þórarinsson varaforseti, Audrius Sakalauskas fjármálafulltrúi, Birgitta Ásbjörnsdóttir hagsmunafulltrúi og Gróa Dagmar Gunnarsdóttir nýnemafulltrúi. Framtíð nemendafélagsins lítur vel út en það þarf að passa að halda þessum skriðþunga við. Félagslífið er svo gríðarlega mikilvægt, sérstaklega í fjarnámi.





Nemendafélag
Háskólans á Bifröst









Útgefandi: Háskólinn á Bifröst, maí 2023

Ritstjórn ársskýrslu 2022 skipuðu:

Helga Guðrún Jónasdóttir, samskiptastjóri, Lydía

Geirsdóttir, gæðastjóri og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,

framkvæmdastjóri kennslu- og þjónustu

Umbrot og ljósmyndir: James Einar Becker, markaðsstjóri

Prentun: Litróf